Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dr. juris Björn Þórðarson

## Dagbók 1944 - I.

Björn Þórðarson – Forsætisráðherra – Annálar – Minnisblöð – Dagbók 23. janúar (frh.) - 16. ágúst 1944

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Einkaskjalasafn nr. 470
Forsætisráðherra frá 16. desember 1942 til 21. október 1944
Askja 7

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

I.

1944

23/1 – 16/8.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Framh. af 23. jan. '44.

stungu). V. Þ. taldi ekki nauðsyn að stj. skipaði sér á línu með Alþ. Að lokum varð það niðurstaðan að ég færi einn og talaði við R. stj. — Ég — að undangengnum aðvörun — kom kl. að ganga 6. að Bessastöðum og var til kl. $6^{45}$. Lýsti ég stemningunni í ráðuneytinu og spurði ýmislegs. Rstj. taldi það ódíous skýringu að hann væri að reka pólitík. Hvorki á bak við eða við hliðina á ráðuneytinu. Þetta væri aðeins uppástunga, sem hann óskaði að þingnefndir athuguðu. Hans sannfæring væri, að ályktanir þjóðfundar hefði sterkara gildi útá við í þessu máli, en ályktanir Alþ. Birting fyrir almenningi væri til þess, að það væri vitað, að þingið hefði fengið svona tillögu til athugunar. Annars hefði mátt vænta, að till. væri stungið undir stól. Hann hefði

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

reynslu fyrir því, að tillögur sínar og bendingar væru lítilsvirtar af sumum ráðamönnum flokkanna, sem gerðu sér far um að halda honum utan við þessi mál þótt hann hefði meiri reynslu og þekkingu í utanríkismálum nágrannaþjóðanna vegna 20 ára náinna kynna en nokkur eða allir þeir, er nú sitja sem forystumenn flokkanna. Þá vildi hann ekki fallast á, að hér væri um hættulegt fordæmi að ræða. Hann ætti ekki eftir sem ríkisstjóri nema 5 mánuði og ræðingu mætti koma fram. Maður valinn til skamms tíma gæti ekki sett fordæmi, því að ræða mætti honum allt af með því að endurkjósa hann ekki. Hann taldi, að hann hefði ekki tekið afstöðu til yfirlýsingar stj. 1/11 að efni til, því hann hefði aldrei verið beint spurður

að því hvort hún svaraði til óska hans og hugsana. Ég sagði þetta að vísu rétt, en við hefðum litið svo á, að hann væri henni samþykkur að efni til. Hann taldi stj. geta svarað fyrirspurn frá þingmönnum á þann veg, að stj. teldi aðferð Rstj. varhugaverða, og í henni lögð áherzla á, að þingið hefði alveg óbundnar hendur um að ráða málinu til lykta að sinni vild. Ekki kæmi þá neitt fram um að þessu lokaákvörðun. Þar sem uppástungan ríði ekki í bága við stefnu stj., sem hefði lýst því að framkvæma vilja Alþingis, og stj. teldi ekki það misræmi milli uppástungunnar og yfirlýstrar stefnu stj., teldi hún ekki ástæðu til að taka aðferð Rstj. svo óstinnt upp, að afsögn varðaði. Ég taldi þetta ekki þann ...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Hann óskaði gætilegrar meðferðar og ég sagði það ósk stj: að tala við hann in pleno, og var hann ánægður með það.

24/1 Mánud. Ég skýrði collegum frá samtali mínu við Rstj. E. H. hafði ég sagt af því áður. Ráðgerðum fund með Rstj. kannske á morgun. Herm. sagði við mig, að hann mundi hafa þolað þetta illa. Ataeldi Rstj. Ég ekki talað við neina þingmenn, en þeir munu vera ekki sem ánægðastir. Hafði því efter Ól. Th., að fara ýmsi með málið á þann veg, að hvorki yrði Alþ. eða Rstj. til vansa. Er þetta rétt. —

25/1 Þriðjud. Fundur með Rstj. fyrst kl. 11. V. Þ., B. Ól. og egen E. H. gat ekki komið — var professoren við lagapróf — en við spjölluðum ýmis-legt m.a. um ósk lýðveldis-nefndar, að stj. gæfi henni skýrslu um afstöðu sína til bréfs Rstj. Flokkarnir vilja fá stj. til þess að ógáa í drulluna" fyrir sig að einhverju leyti. Helst, að hún lýsi van-þóknun sinni á skref. Rstj. og allra helst, að stj. segi af sér. Síðan fundur á Bessastöðum allir frá kl. 2–3½. Þar var talað hreinlega um málið. Rstj. lýsti yfir, að hann hefði áður en svo vantraust á núverandi ráðum., heldur hefði hann sem stendur ekki betra traust á neinu öðru ráðun. Þótt nýtt myndað væri. Skýrsla stj. til Alþ. væri á þá leið, að þótt hún myndi ekki hafa samþ. skref Rstj. ef undir hana hefði verið borið fyrir-fram, þá sé leið sú, sem hann bendir á eða hugsar sér, ekki .......

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

stað Stefáni stj., að hún telji á-
stæðu til að lýsa yfir frá sinni
hlið, að aðgerð Rstj. hafi verið
henni svo óskapfelld, að sam-
vinna Rstj. og stj. þurfi þar við
að bíða hnekkir. Allt fór
vel á með E.A. og Rstj. Er nú
mesti ákafinn runninn af
E.A. sem er í boði hjá próf.
Guðbr. í kvöld! G. Sv. vildi fá
vitneskju um, hvað stj. hyggðist
fyrir á morgun á fundi í lýðveldis-
nefnd, en ég gat ekki sagt honum
það vegna þess ég náði ekki í
E.A. sem ásamt B.Ól. verður
áfram fulltrúi stj. með nefndinni
26/1 Miðvd. Ég, E.A. B.Ól. (V.Þ.
fjarv.) – Komum okkur saman
um umsögn vegna Rstj., hvort hann
hefði farið fram hjá ráðum og
hvers vegna gefið út bréf sitt
til alþingis, sem forseti G. Sv.
gat um fyrst á fundi í dag án

þess þó að lesa það upp, með
tilvísun til að það hefði verið
birt í blöðunum. Við héldum
og samferst um, að ráðu-
neytið hefði traust Rstj. En
við með tilvísun til yfirlýs-
ingar 1/11 myndum halda
áfram að vinna með Alþ.
að lausn málsins. Þetta
flutti B.Ól. og ev. E.A., ef hann
vegna prófessorsstarfs hefir
getað tekið þátt í því, lýðveldis-
nefndarfundi: Þeir munu
vera í einhverjum beyglum
um það hvað gera skuli
um svar við bréfinu, sem
væntanlega ekki dugir að
hundsa. En stj. verður að
fara sínar götur og ekki
láta þingið sveigbeygja sig
til einhvers. – Dýrtíðarmálin
verði og að koma fram. Ámálgaði
það við B.Ól. og E.A.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/1 Fimmtud. B. Ól. lýsti hvernig
fram fór á lýðveldisfundi. Hann
var þar einn E.A. ekki. Hann sýndi
skjal sem þeir hafa samið og vilja
að stj. taki þátt í. En ólíklega á
stj. ekki að gera það, en senda út
sína skýrslu eins, ef þörf krefur. E.A.
prófdómari einn í dag og kom
sér illa, þar sem Gísli Jónsson og B. Ben.
ræddust harkalega á V.þ. fyrir sakir,
sem E.A. á, og stóð ekki upp og sagði
lítið eitt til bóta fyrir V.þ. og
vegna dómsmálaráðh. Þá var
ég á nokkurskonar sáttafundi
milli Alþ.fl. og hinna þriggja í
dag, útaf lýðveldisfr. og samb.
slitum. En ekki vonlaust,
að samkomulag náist og
verði þá öllu borgið um
þátttöku í atkvæðagreiðslu-
28/1 Föstud. Sá ekki E.A. í
dag. Sat á sáttafundi Alþfl.
og 3 fl.m. og virtist ætla að

ganga saman milli forystumanna: Herm. Ól.Th. Br.Bj. og
St. f. St. – Ásg. – Emil. – Sá skjal
Sjálfst. útaf bréfi Rsþ. yfirfór
og gerði aths., sem verða tekna
til greina. Herm. hringdi og
bað mig að aðvara Rsþ. um
að svara ekki „skjalinu“,
og ef samkomulag flokkanna næðist að gefa út
yfirlýsingu út af því, sem
sýndi, að nauðsyn væri ekki
lengur til aðgerða frá hans
hálfu. En þetta gæti eflt
álit Rsþ. í augum fólks.
Ég Sv. hringdi til mín
um orðalag skjalsins, sem
ég samþ. Ef ég fæ skjalið
í hendur mun ég líklega fara á fund Rsþ. á
morgun. Helst, ef ég gæti
einnig fengið Ól.Th. til að
ganga með mér í viðtalið á Bessast.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

29/1 Ld. Sá ekki E.A. í dag
hann líklega í prófi. Við
V.Þ. – B.Ól töluðum saman
V.Þ. gramur yfir að E.A tæki
ekki ákvörðun útaf formanns-
slysinu, en hann V.Þ. mang-
ofsáttur útaf málinu í þingi.
Yfirlýsing lýðv.n. útaf skjali
Rstj. afhent mér og gerði eg
ráð fyrir að fara með hana að
Bessastöðum, en Rstj. var þá
í Rvík og ráðstafaði eg henni
per P. Eggerz í hendur honum
Hann spurði mig, áður en lesið
hafði, hvort nokkuð ætti að vera,
og sagði eg „Nei“. Yfirlýsingin
er nokkuð sterk og óbeinar hnútur
til Rstj. sumstaðar. Eg er dálítið
smeykur við að E.A. kynni að
finna upp á því að vilja hlaupa
í burtu og það verður ef V.Þ og
hann mælast við þunglega, sem
verður að afstýra.

30/1 Sunnud. Rstj. hringdi til
mín og talaði um, að hann
vildi mega koma á fund með
„lýðv.nefnd“ og skýra fyrir henni
og leiðrétta atriði í yfirlýsingu
hennar og kvaðst segja mér
þetta nú áður en við myndum
allir hittast á morgun. – Eg
hringdi til E.A. hann kvað prófinu
lokið, en nú væri hann að undir-
búa útvarpsræðu 1/2. og hefði hann
því ekki hugsað um brtt. við
sambandsslit þingsál. Ekki hafði
hann heldur hugsað neitt um
að taka ákvörðun útaf for-
mannsslysinu, sagðist þó hafa
lesið í blöðunum um fyrir-
spurn Gísla & B.Ben., en virtist
ekki hafa neinn áhuga á
málinu; kvað mega taka
ákvörðun útaf brt. á skjölunum
til athugunar, þótt ekki lægi
fyrir málshöfðun. ~~[illegible]~~ —

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þingdi til St.f. St. og hvað hann ekkert hafa verið gert í framhaldi af sáttafundinum. Lýsti óánægju útaf því, að lýðveldisnefnd hefði tekið í sínar hendur till. Rsf. og hann útilokaður frá nefndinni, sem ekki er þingnefnd, heldur 3 fl. nefnd, og þá lýsti hann undrun yfir, að 2 fulltrúar frá rstj. hefðu tekið þátt í þessum störfum. Verbúið að úr því verði klandur, því að „kommar" gera allt til þess að útiloka Alþfl.m. og vilja láta þá verða í minni hluta.

31/1 Mánud. Ríkisráðsf. Stefán Þorv.son, sendiherra í London, Agnar Kl. Jónsson, skrifst.j. utanr. Rstj. taldi ekki ástæðu til að tala við lýðv.nefnd, þar sem hún er ekki þingnefnd.

Ráðh.fundur. Kl. 1 40. Talað um afgreiðslu rannsóknar Þormóðsslyss. Allt með spekt. Ó.Th. afgreiðir þetta nú væntanlega. Um hvort Gísli Jónsson verður settur undir ákæru. Ofurhera. og fl. Talað um brl. við þingsálinum sambandsslit.

1/2 Þriðjud. Stefán Þorv.ss. sendiherra í London, kom og þakkaði heiður þann, er honum hefir verið gerður með útn. Í sam. þingi ályktun Alþ.fl. um birting skjala í skilnaðarmálinu. Ráðumenn frá hverjum flokki. Ég tók til máls og sagði nokkur orð. Ó.Th. var í mjög djúpum og vinsamlegum samræðum við Gísla Jónsson við kaffidrykkju. Ég, V.Þ. og B.Ól. sátum við næsta borð og var okkur mörgum í hug. Hvað meinar hann?

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

2/2 Miðvikud. Talaði við Ól. Th. fórh. fós. forst. forst — Br. Bj., E. Olg. — um Bessastaðaviðbótina. Bíð nú svara Ól. Th. Hann tók ekki ólíklega í málið. Hallgr. á Ketilsstöðum kom og talaði við mig um ýmislegt. Hann sagði fólkið vera með stjórninni og gott við okkur sem lengst. Rstj. talaði við mig í síma um Bessast. viðb. — sáttastarfið — lýðveldismerkin — o. fl.

3/2 Fimmtud. Neitaði í gær miðdegisboði hjá Fontenay og hringdi hann til mín í morgun og bað um viðtal um „málin" og heyrðist mér, að hann teldi sig þurfa margt og mikið að tala. Sagði ég honum mánudag kl. 11. Minningarathöfn vegna Max Pemys(?). Kom heim til V. Þ. — með B. Ól. og frú. Þar kom Stef. Þorv. frá

4/2 Föstud. Talaði við Ól. Th. um Bessastaðaviðbót og hafði hann ekki enn rætt það við flokkinn. Lofaði að gera það við fyrsta tækifæri. Hann var gramur við Komma út af bréfi þeirra frá sáttafundi við v. v. 17. júní. Hvað úr verður veit ég ekki. Talaði við St. J. St. og Finn um Bessastaðamál. Finnur vill ekki, vegna sparnaðar. Ríkisráð í morgun. Ég veit ekki um hvernig þeim „Viðbótarmáli" reiðir af. Það er afstaða(?) fyrir mig, ef ekki verður úr.

5/2 Laugard. Ekkert sérstakl. borið til tíðinda ekki hafa spurnir af viðbótarmálinu eða sáttamálinu. Lítið að hafst. var á fundi með samn. nefnd útflutningsafurða.

6/2. Sd. Blóm frá starfsfólki á lögmannsskrifst. Heillaóskir frá Finsen, V. Gr. Bj. og Agnar Kl. Jónsson. [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

7/2 Mánudagur. Fontenay kom og talaði um ýmislegt, sem eg hef getið um á öðrum stað. V. Þ. spurði hvort stj. ætti ekkert að hafast að í verkalýðsmálum. Uppsögn Dagsbrúnar. Eg taldi að rétt mundi vera að gera eitthvað. V. Þ. talaði um sameiginlegan fund með verkalýðsfor- vinnuveit- bankastj. Það kann að vera, en rétt mun að kanna hverja hlið fyrst. Bærinn er hér einnig og hvernig er B. Ben. Eg talaði við Sig. Guðm. en það segir ekki mikið. En öryggi fyrir afkomu er höfuðatriði. Er hægt að geta tryggingar. Sig. G. sagði að hér væri um 1500 manns að ræða. Ef þessu er deilt niður.

8/2 Þriðjudagur. Arngr. Kr. Bjarnason sagði mér, að M. bróðir mundi verða gestur heiðursfélagi í Fiskifélaginu eftir uppástungu hans og fl. ásamt Thorsensen. Sagði Ól. Th., að ég væri of ~~af~~ hálfu stj. í skjalabirtingarnefnd. Talaði við B. Ben um Dagsbr. samn. væntanlega og er hann á sömu línu og stj. um að spyrna beri á móti kauphækkun. Boðaður fundur á morgun við Dagsbrún og Vinnuv. fél. Einn í fjárh. um Bessastaði viðbót. E. A. og V. Þ. töluðu lítillega saman, en B. Ól spurði um formannsmálið og sagði E. A., að það kæmi innan skamms. Eg lagði fyrir n.d. frv. um bót á læknaskipuninni með smávægi. St. f. St. bað mig um að halda ræðu í Norræna fél. 3. mars á hátíð, sem það ætlar að halda þá. Eg taldi líklegt að ég yrði að verða við óskinni og gefa svar síðar.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

9/2 Miðvikud. Fjárv. nefnd samþ. mer 5:4 Bessastaðaviðbót. Eg hitti Rstj. Hann sagði mér viðtal hans við Shepherd. breskr, sendih. er hafið hafði viðtal um sambandsmálið og lét að falla um hann væri „anxious" about it. Sagði Dani „on our side" og taldi ekki ólíklegt hann yrði kvaddur til London til þess að gefa skýrslu en sagði ekkert annað positivt. Rstj. hvarsti hafa slitið samræðu af ásettu ráði, því að hann vildi ekki blanda sér í samræðurnar um sambm. Sheph. virtist nákunnugur og kritiskur á ástandið í Alþingi. Ekki gaf hann beint í skyn neina íhlutun Breta, en vera má hún komi á einhvern veg samt. Því ekki ólíklegt í einhverju formi. J.J. talaði nokkuð

að við mig og kom gos frá honum mjög óþvegið í garð S.B. og hvatti hann mundi koma því á framfæri síðar. Hann hélt með bréfin gert úr ólöfu í pólitík. Grandlur mintur o.fl. á fyrri árum ekkert í samjöfnuði við þetta. Eg sagði V.Þ. frá þessu. og bað hann stilla af sá. f.þ. Samt. Fundur með Dagsbr.m. og síðar með Vinnuv.fél. vegna uppsagnar.

10/2 Fimmtud. Var á fundi í svokallaðri sáttanefnd með Ól.Th., Br.B. Herm. - St.J.St. og Ásg. Lítið gerðist og fór ekki með öllu árangurslegt. Eg gaf St.J.St. loforð um viðurkend í Norræna fél. á 25 ára afmæli 3. marz

11/2 Föstud. Kom ekki á þing. Vegna af Bessastaðaviðbót. Talaði við Rstj. Hann vill láta Gunnl. gera allt. Eg vil láta Gúsam. hafa eftirlit. Þetta verður að jafna. Atli

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

svolítið samtal við Ól. Th. í þinghúsi um sáttamálin og var hann ekki úrkulavona um sátt. Átti tal við B. Ben. um Dagsbr.mál. Ég spurði Ól. Th. hvort E. A. hefði mælt eitthvað, sem torveldaði sættir og hvað hann svo vera; og hann hefði sagt um tillögu Emils, að ef hún væri samþ. mundi hann ekki geta skrifað undir slitat nefndarálit.

17/2 Ld. Fundur með við-skiptanefnd í utanflutnings vegna Breta, sem vilja lækka verð um 10% en við segjum þá slitið samningum. Annað ekki merki-vert hjá mér. Ég er ekki búinn að koma mér niður á ræðu-efni 3/3 nema að mjög litlu leyti.—

13/2 Sd. Hef setið heima og hugsað um ræðu 3/3 og ekkert komist áleiðis. Hringt hafa til mín um Dagsbr.mál. sáttasemjari og V. Þ. viðv. sáttanefnd. ff. um ýmislegt og og til E. A. um sam-komul. í skuldamálinu, sem Mbl. minnist á.

14/2 Mánud. Ekkert að frétta. Kom ekki á þing því að þar var ekkert um að vera. Talað við sr. Þorst. Bren.—Alex. Jóh. V. Þ. um sáttanefnd í vinnudeilum og B Ól. um lyfjafr.

15/2 Þriðjud. Ríkisráðsfundur. Ráðherrar samþ. fiskisölusamn. án hækkunar verðs. Ég basla við ræðu 3/3.

16/2 Miðvikudagur. Mig dreymdi í nótt svo undarlega og kjána-lega. Ég var einhversstaðar staddur sem ég gerði mér ekki grein fyrir hver var. En í nánd við mig var fögur og stilleg kona sem virtist hafa mikla hneigð til

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Mín og helzt vilja væri kona
mín, en ég þóttist vita, að
þessi kona var dóttir Breta-
konungs, og ég sagði henni,
að hún mundi ekki hafa leyfi
til að játast mér án vilja kon-
ungsins. Svo hvarf þetta, en
ég mundi það nokkru skýrara
þegar ég vaknaði en nú. Er þetta
líklega í sambandi við það, að
Bretar hugsa sér nú að gera
engar gælur við okkur en
taka okkur í fang sér og forsjá.
Þeim er glöggt fjársukkið og óreið-
an á Alþingi. Þar er nú allt
í óvissu um skilnaðarmálið.
Ég var á fundi með Ól. Th. E. Olg.
St.J.St. og Herm. Og þeir 2 síðast[t]ö[ldu],
eftir að hinir voru farnir, töluðu
bert, sérst. Herm. um vand-
ræðin. Þingið mundi kasta af-
greiðslu einni í stj. og láta
hana sjá fyrir öllu. Væntan-

legum hátíðahöldum 17. júní o.fl.
Viðurkenningu lýðveldisins o.s.frv.
Þá mundu fjárveitingarnar fara
út um þúfur í haust og svo
kæmi verðbólgan með kaup-
hækkunum, eða verkfall og vit-
leysa. Herm. lét á sér skilja, að
stj. væri of aðgerðasnauð gagnvart
Alþ. um fjárkröfur. Ég sagði, að
stj. hefði ekki viljað trufla starf
Alþ. í skilnaðarmálinu, en úr
því að allt væri nú í sundr-
ungu væri ekki eftir neinu að
bíða. Rstj. hringdi mig í kvöld
til þess að segja mér, að G. Sv.
sérforseti hefði komið á sinn
fund og spurt, hvort Rstj. mundi
samþ. að loknu þessu þinghaldi,
væntanl. í vor, þingrof. Hann kvaðst
hafa sagt, að stj. réði því hvaða tillögu
hún bæri fram. G. Sv. taldi sig spyrja
prívat að þessu, en lét þó fylgja að hann
væri formaður hinna miklu nefndar.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

<u>17/2 Fimmtud.</u> Ráðherrafundur um 1) Tekjuöflun 2) Ev. Dagsbrúnarverkfall. 3) Lýðveldismálsframkvæmd. Ad. 1) Böl. hugsaði til að kynna sér viðhorf þingfl. til málsins. Ad. 2) Bera málið á síðara stigi undir þingið, ef þörf krefði. 3) Að halda yrðum við áfram gegnum skrygg bið. Ég hélt fram að ev. væri ástæða til að þingfl. tækju nú að sér að mynda stj. til þess að koma lýðveldinu í höfn. Þingið vildi aldrei létta störf okkar, það hefði tilhneigingu til að gera okkur allt til minnkunar og að lokum vildi það koma okkur burt, sem ónýtum fúskurum. Þetta yrðum við alltaf að hafa [á bak við eyrað] ~~stö.~~ langfast. Nú vill lýðveldisnefndin láta stj. bjarga sér úr klípu í hátíðarmáli við lýðveldistöku. Líklega gerum við það.

<u>18/2 Föstudagur.</u> Ég svaraði í þingi fyrirspurn frá J.J. viðv. afstöðu stj. til væntanlegs verkfalls. Fundur með samninganefnd utanríkisviðskipta. Har. G. óskaði samningum borinn undir þingið. Ég sagði þá að eins til tilkynningar. En stj. öll vill ekki bera hann undir þingið. Nú hefur Amer.-sendih. tilk. að herstj. þoli ekki að neitt skip, sem er á leigu frá U.S. e. U.K. eða í vegum herstj. verði tafið vegna verkfalls og verður Dagsbr. & Alþ.s.b. tilkynnt þetta á morgun og kann þetta að hafa einhverjar afleiðingar með tilliti til afstöðu aðila til samninga. Hverjar er ekki gott að segja. Við sjáum hvað setur.

19/2 Laugard. Fundur ...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

bréforð: útaf fyrirspurninni
frá setuliðinu. Ennfremur
og á fundi með Ól. Th. Herm. J.
og St. J. St. til þess að stjórnin [stjórnað] óski
að fá vísað til sín tillögu, sem
G. Sv. hreyfði fram um skipun
nefndar á Alþ. til undirbúnings
hátíðahalda 17. júní eða gildis-
tökudag lýðv. Ég gekk inn á
það og að ráðstafa óskinni eftir
tilmælum og með orðalagi
þeirra.

20/2 Sunnud. Fundur með sátta-
nefnd í vinnudeilunni og
ennfremur komu þeir fóðurtan [?] og
Ensor [?] hér heim í sama er-
indum. Ég er að gefa við mín
ræðustúf 7/3.

21/2 Mánud. Talaði í samþingi
um vísun til stj. á tillögu um hátíð
17/6. Og er nú búið að taka
Alþ. fl. í sátt við sjálfstæðið
og frelsa undanhaldið.

22/2. Ekkert sérstakt. Ég
er að böglast við ræðustúf,
en er alveg í vandræðum.

23/2 Miðvikudagur. Nefndar-
álit í lýðveldismálinu
lagt fram. Ég lenti í orða-
sennu á þingi við G. Thor.
útaf bókaskipuninni [?].

24/2 Fimmtud. Skilnaðar-
málið á dagskrá. Allt
fór hóflega fram. Ég kom þar
ekki, því að ég var við jarðarför
sr. Jóhanns Þorkelssonar og fekk
forseta sam. þings G. Sv. til að
ummæla hann utan
dagskrár 1½ er fundur var
settur, en kirkjuathöfn hófst
á sama tíma. G. Sv. talaði síðan,
eftir ósk hans, við mig um
mál. lýðveldisins.

25/2 Föstud. Samb.slit samþ. í dag
með 51 atkv. samhlj. Alex. vill verða
nefndum [?] ...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

26/2 Laugard. Talaði í stjórnmálinu við götu áheyrn en óvissan árangur. E. A. veitir enga stoð um mínar skoðanir.

27/2 Sunnud. Alltaf að hugsa um vötnin en komst ekkert því að ég ónýtti það sem ég skrifað. Afmæli R.st. sem ég gleymdi, svo og að flagga. Þetta skrifað 28/2.

28/2 Mánud. Fór til R.stj. kl 10½ bað afsökunar og árnaði heilla. Hann tók mér vel, en ég sá í byrjun, að honum þótti miður hvernig til hafði tekist. Svo spjölluðum við lengi. Ég vann sigur í þingi í dag bvl. mín við stjórnskr. 26. gr. samþ. með 19:11. ofan í neitun nefndar. Mér var fagnað í þingi vegna þessa.

29/2 Þriðjudagur. Fundur í fjárv.n. ... E. Kr. ... B. J. prests samþ. Rafn kom og talaði við mig um launabót. Ég kallaði Kr. Kr. borgarfógeta á minn fund og tjáði honum, að ekki mundi honum veitt embættið að þessu sinni sökum breyzkleika hans. Hann tók þessu með mikilli rósemi. Ég sagði honum, að ég mundi leitast við að finna eitthvert ráð honum til hagræðis ef unnt væri. Hann kvaðst ekki sjá annars kost en hverfa alveg frá embættinu, og leitast við að taka frjáls lögfræðisstörf fyrir. Hann gæti ekki sætt sig við að þjóna undir G. P. eða annan álíka. Hann vildi skrifa undir skuldbinding um að víkja ef hann bryti. Ég taldi þannig veitingu tæplega ekki fáanlega. Spurning væri um að fresta embættisveiting. Það mun reynt. Orðrómur um að B Ben vilji setja 26. gr. fram um aftur. Hvað satt veit ég ekki. — Raðir ¾ [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

1/3 Miðvikud. Sýndi Rs.Þ. ræðu mína og lagði hann til að kaflinn um hinn væntanl. konungdóm og konung væri sleppt. Það ætti ekki fyllilega við á þessari samkomu ~~er tala~~. Norræna fél. að tala um það. Þetta er líklega rétt. – Orðrómurinn um að B. Ben. vilji breyta 26. gr. stjskr. til fyrra horfs varð við. Hann var á laumufundi við E.A. í dag og mun vera um þetta efni. Ekki sagði E.A. mér frá samtalinu. Eg vil ekki spyrja hann. –

2/3 Fimmtud. Eg flutti stutta framsöguræðu fyrir stjskránni í E.d. í dag. Enginn annar tók til máls, en það bak við tjöldin um 26. gr. E.A. vinnur ekki með mér í því máli heldur á móti. Spurn. hvort hægt er að koma í veg fyrir áform B. Ben. og kumpána. Fáir sterkir á móti

því, en samúð með því í hjarta sínu, hvar sem verður. B. Ól. hefur engan áhuga, en V. Þ. er götur eins og alltaf.

3/3 Föstudagur. Afmæli Norrænafél. um 200 manns. Eg hélt ræðu mína, sem mér var af mörgum sagt, að væri góð. Háðir ýfirgaf ég kl. 1 um nóttina.

4/3 Laugardagur. "Orðrómur um, um stjskr. í E.d. brtt. um að færa 26. gr. í fyrra horf. Eg hamaðist gegn þessu með öðru. P.M. Herm. – Hér talaði lítið á mína hlið. En brtt. var samþ. með 9:8. Hvort nokkuð verður gert til þess að brt. þessi í n.d. veit ég ekki:

5/3 Sunnud. Rs.Þ. hringdi útaf 26. gr. Eg tel ráðlegast að þingm. í n.d. flytji brt. í n.d. ef gert er. Það líklegra til gengis. Talaði við V. Þ. – St. f. Stefáns [illegible] Eg vil fá Jakob Möller til þess, en ekki þó biðja hann um [illegible] [illegible] [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/2 Mánud. Sennu milli-
mín og B. Ben. útaf hambl.
Eg svaraði nokkuð hart.
Stjórnin hélt þingmönn-
um veizlu á Hotel Borg
og var ríkisstjóri einnig.
Höfum slitið af mér
kl. 2½ f.h. 7/2. —
7/2 Þriðjud. Bjarni Ben.
bað úr sér í e.d. yfir mig
útaf svari mínu í gær.
Eg lét útbýta [í n.d.] tillögu minni
um að setja aftur inn
í stj.skr. 26. gr. eins og gengið
var frá henni í n.d. Hver
endalokin verða er óljóst.
8/2 Miðvikud. Einn umr. í N.d.
um 26. gr. Eg hamaðist eftir
getu. Brt. mín felld með 18:14
við nafnakall. Nokkrir snúist
og nýir bæst við á móti. Eg
svaraði fyrir mig og landl. í e.d.
árásum B. Ben. Eftir en ekki neitt

leiðinlegir dagar, nema ósigurinn
sem eg vissi þó fyrirfram.
9/2 Fimmtudagur. Umræður
um ýmis mál. Eg kom
ekki heim fyrr en kl. 1 um nótt.
10/2 Föstud. Umræður um ýmis
mál kom heim kl. 2½ nótt
11/2 Laugard. Þingi frestað.
Eg gerði minúar salvis
þakkaði þingmönnunum
fyrir gott viðmót og
góða samvinnu. Forseti
(G.Sv.) þakkaði f.h. þingsins
og bað þingheim að standa
upp í því skyni og var
það gert. Hentu nú sumir
gaman að því, að þingið
hefði nú vottað stjórn-
inni traust, en P. Ott. sagði,
að það hefði þingið gert áður
með því að vísa til stj. tillögunum
skýjum vefnaðar til meðferðar-
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12/3 Sunnud. Ekkert mark-
vert. Las í Autobiography
Margot Asquith. Mjög
fræðandi um líf yfirstéttar
Englands síðari hluta 19. aldar.

13/3 Mánud. Nefnd til
undirbúnings hátíðahöldum
vegna lýðveldisstofnunar
tekur til starfa. Dr. Alex. Jóh.
skipaður formaður.

14/3 Þriðjudagur. Ráðherrafund
Útgáfa skuldabréfa fyrir ríkis-
láni. Heimildargreiðslur.
Samþ. alþjóðasamninga o.fl.
Angraður með [illegible]
heimsóknum vegna sjúkr-
ar konu, sem bærinn er
vitanlega skyldugur að sjá
um, en engu liðsinnir.
Það er bágið með stjórn
bæjarmálefnum. Borgarstj.
gæti offrað minni tíma í
landsmála- og flokkaþjark en
meira gert í bæjarmálunum.

15/3 Miðvikud. Jónatan sátta-
semjari ásamt klæðskera kom
og vildi fá umsögn mína í
sambandi við samninga. Eg lét
ekkert uppi. V.Þ. var að tala við
mig hvort S.B. gæti kosinn for-
seti. Eg taldi það mundi verða
svo. E.A. hefir verið nefndur og
Sig. Egg. o.fl. Eg sagði honum ekki
og engum, að L-Jóh. spurði mig
þingveizlunóttina, hvort heimil-
ishagir mínir væru því til fyrir-
stöðu, að eg væri valinn. Eg lét
L. skilja, að mér mislíkaði stórum
spurningin. Eg sagði engum um
heimilishagi mína og forsetaval
kæmi mér ekki við. L. sætti sig
við þetta og bað afsökunar.

16/3 Fimmtud. Sáttasemjari kom og
talaði við mig um klæðskeradeilu.
Landl. um læknishéraðaskipun [illegible]
og varð uppistand á nýafstöðnum ríkis-
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

17/3. Föstudagur. Boð á Bessastöðum með formönnum flokkanna og fl. Frúin hvað L.H. hafa breytst. Líklega hefur hún rétt fyrir sér. Ol. Th. var þar og var glaður.

18/3 Laugardagur. Alex. kom til mín og lýsti hvernig hann hugsaði sér prógramm fyrir hátíðahöldin. Ég bað hann að gefa mér skriflegt uppkast, sem ég gæti síðan lagt fyrir ráðherrann og lofaði hann því á þriðjudag. Boð hjá Chargé d'Affaires Færeyinga. Þar voru sendiherrar Breta og U.S.A. og S.hv. o.fl. Ég bað mig að, að tala við þá báða. Vetrarnir voru mjög elskulegir báðir.

19/3 Sunnud. Engan hitt. Lesið Margot Asquith og ekki annað gert.

20/3. Gleymdi að skrifa og man ekkert sérstakt.

21/3 Þriðjudagur. Hitti Rsfj. að ósk hans. Hann sagði mér, að hann vildi fá að vita vissu sína fyrir 17/4 hvort hann yrði valinn forseti. Ég kvað það torvelt. Hann kvaðst mundi reyna að fá sér húsnæði. Undirbúa för sína frá B. o.s.fr. Það væri óhugnanlegt að fá ekki vita vissu sína um hvað verða átti. Sendi Hátíðsplan

22/3 Miðvd. Hitti Rsfj. og krítiseraði hann hátíðaplan. Og er ég Rsfj. sammála. En óvíst hvað verður í því efni. Talaði þetta um forsetaval. Aðvaraði hann um aðgerðir þótt óvissa. Yrði talið annað Ríkisstjórnbréf. Hann vildi [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kom og taldi, að hann færi nú
til London á fund með
Kaufm. og Reventlow. Talaði
um sambandsm. Hvort ég vildi
skila nokkru til Christmas
Möller o. fl. Ég sagðist ekki
óska neins sérstaks í því efni.
Hann sagði það verða dálítið
delicat fyrir diplomata um
hátíðina 17. júní, hvernig
þeir ættu að bera sig að. Ég
játti því. Þá taldi hann
? um konung, sem væri
nokkuð vandfarið með. Ég
sagði ekkert gæti sagt um
það efni fyrr en að afstað-
inni atkvæðagreiðslu.

23/3 Fimmtud. Fundur með
Hátíðarnefnd um dagskrá 17/6.
G. Sv. vill skjalla forsætisráðh.
alstaðar til heiðurs fyrir sjálf-
an sig. Það verður að vera eitt-
hvert vit í þessu.

24/3 Föstudagur. Ríkisráð. Staðf.
lög. Annars ekkert markvert.
Fontenay kom og spurði hvernig
skilja ætti citat mitt í ræðu
1/12 '42 í orð Churchills. Hvort
meint væri „frelsi gagnvart Dan-
mörku“ eða almennt. Hafði Reven-
tlow sendiherra í London spurt
hann um þetta, því að F. hafði
sent R. þýðingu af ræðu minni.
Ég sagði honum, að ég hefði
ekki skilið það, sem sérstak-
lega miðað gagnvart Danm.
heldur að Engl. og U.S. mundu
skila okkur landinu jafnfrjálsu
eftir stríðslokin og það var
fyrir hernám.

25/3 Laugard. Ekkert sér-
stakt. Engin tíðindi
né viðtöl. –

26/3 Sunnud. Fór ekkert. Las
dálítið. Enn engan hitt og
lítið [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

27/3 Mánud. Ráðh.fundur um ýmis mál. m.a. árás Þjóðviljans á brezka útgerðarmenn, sem sendih. Breta bar sig upp undan og óskaði spurnað við framvegis. V.Þ. skýrði frá orðum, sem mr. Cumming, embættismaður í utanríkisráðuneytinu í Wash. hafði látið falla við Thor Thors sendih. í viðurvist fleiri manna utanríkisráðuns., en Th. Th. skýrði frá í bréfi: [1] að það væri ekki ólíklegt að stjórn. U.S. og einnig Breta léti sérstaka sendiherra koma fram fyrir sína hönd við stofnun lýðveldis hér næstu vor: og [2] að Th. Th. yrði gerður að ambassador!! Talið æskilegt að grennslast í fullum trúnaði eftir því hvort búast mætti við að því yrði svarað

játandi af U.S. ef farið væri fram á þetta.

28/3 Þriðjud. Talaði við Alex. Jóh. um hátíðarprógr. Síðan ráðhf. Fjármálin verða erfið. Krobbe kemur til Stokkhólms á morgun.

29/3 Miðvikud. Herm. kom til mín og sagði framsóknar ÷ 1 eða 2 mundu kjósa Sv. B. fors. Hann hallmælti frammistöðu E.A. sem ráðh. Hann var einslegur við mig þersem ég spurði hann um val Sv. B. Fundur með Alex. um prógram. Ég er í vandræðum með hann u grand diné en einhverra vegna ventar að leysa þær spurnsmál.

30/1 Fimmtud. Talaði v. V.Þór og spurði hann hvað segja skyldi eða biðja Krobbe um að gera. Taldist okkur ráðlegast að bera ráð saman við Ræ[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

V.Þ. að Rsf. hefði sent Krabbe
bréf það er Rsf. las fyrir okkur
uppkast að í vetur. Ég bað Joh.
Möller að koma á minn fund
og spurði hann hvort í flokki
hans hefði verið rætt um forseta-
val og kvað hann nei við því.
Taldi hann fullvíst, að meiri
hlutinn myndi kjósa Sv.B.,
og lofaði hann mér að kynna
sér það til hlítar og láta mig
vita. Átti eg tal við Ól. Lár.
viðv. myndasýningu í sambandi
við hátíðahöld lýðveldisins og
lét hann uppi óvissu um, að
lýðv. stofnun gæti farið fram
svo sem áformað er í vor. Vakti
för Fontenay til Engl. einkum
þessa hugsun, og spurði hann
hvort ekki hefði verið misráðið að
P. Ben. hefði verið látinn fara frá
London. Eg samsinnti um það
F. að hann myndi vera til að

spilla fyrir málinu hjá Bret-
um ef mest væri, en um P. Ben.
taldi eg engu skipta, enda
trúi eg því, að svo sé, hvort
sem Bretar verða við óskum
okkar eða ekki. Ekki séð E. A. í
tvo daga.

31/3 Föstud. Talaði við Rsf. og
sagði honum um rannsókn mína
um það, að engum kæmi til mála
að verða kosinn forseti annar
en hann. Hann var ekki í góðu skapi.
Hann kvaðst hafa alveg frjálsar
hendur um hvað hann gerði. Hann
undirbyggi það að fara frá Bessastöðum
fyrirvaralaust. Eg talaði við hann
um hátíðahöldin í vor. Hann sagði
þetta er „skrípaleikur". Eg: Allt
saman? R.: Já. Það er líkast
til „mannskemmandi" að gefa
sig í þetta, mér skildist, forseta-
valið. Eg fór svo eftir 5 korterin
samtal um þetta og Krabbe, Stokkhólm...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég sagði V.Þ. frá þessu samtali
við Rsf. (en sagði honum ekki
orðin hér að framan) en, að hann
hefði verið þungur. Bað hann
að koma honum upp, svo
að hann „gerði ekki eitthvað
af sér". V.Þ. hefur talað við
Morris í samb. við að Cummings
við Thor Thors og fer nú spurn-
ing aftur til Ameríkan, það
er ekkert sérstaklega bersi-
legt yfir þessu. Hrifning vitan-
lega ekki hjá neinum sem
einhverjum hjásumum.-

__1/4 Laugard.__ Alex. talaði við mig
um boð til. V-Jel. Hann spurði
um hvað gert væri til að útvega
viðurkenningu. Ég sagðist ekki tala
við hann í einu um það. Hann
sagðist hafa talað við Johanson – þekkti
hann – og það væri allt undirbúið
hvernig það gæti tekist. Alex. sagði
sem rétt er, að ekki væri gott að stofna

að hátíðahöldum án þess að vita ekki
hver yrði valinn fors. og játti ég
því. – Ég sagði V.Þ., að ég væri
staðráðinn í að knýja á formenn
flokkanna um að gefa vissu
fyrir því hver yrði valinn, því að
stjórnin gæti ekki vel undirbúið
hátíðahöld án þess að hafa samráð
við forseta. – Ég hringdi til Ól.Th.
um efnið og átti tiltölulega langt
samtal við hann. Hann tók með
stillingu og vinsamlega í málið
og kvaðst mundu rannsaka málið
og láta mig vita bráðlega. – Til Eysteins
og sagðist hann ekki geta látið
mig vita fyrr en þingm. kæmu á
flokksfund. upp úr 12. þ.m. – Til E. Olg.
og tölum við nánar á mánudag kl 2.
Ég varð að fylgja þessu fast eftir
og láta lítillega Rsf. vita, að ég hefði
tekið þennan upp. – Eyst. spurði
um framh. þings í sumar og lét ég
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að halda áfram viðstöðulaust í
júní, en ? hvort ekki ætti
að láta „hnútinn" bera að eins
fyrst. En Eyst. var helst á kosn.
nærtu vor.

2/4 Sunnud. Ekkert sérstakt,
las gamalt.

3/4 Mánudagur. Talaði við Har-
ald Guðmss. um forsetakjör.
Hann taldi sína fl.menn
mundu kjósa Sv. B. og lofaði mér
að ganga frá þessu hið fyrsta.
Talaði við E. Olg. um sama. Hann
lét lítið uppi, en lofaði hinu
sama. Var sammála um að
ekki kæmi til mála að láta
dragast til júní að taka endan-
lega ákvörðun og lofaði að láta
mig vita. – Eg talaði við
Jón Blöndal og fann á honum,
að hann taldi vafasamt að láta
þá félaga J. Bl. – Hel. G. og Klemens
hætta störfum og sagði það hefði
átt að gerast í fyrra um leið
og fól. Sam.-för.

4/4 Þriðjud. Skoðaði uppdrætti að
skjaldarmerki, ófullkomna. Herm. og
Haraldur komu til mín viðvíkj.
störfum þremenninganna. Þeir
eru formenn málefnanefnda
og vilja láta þremenningana
starfa áfram. Þekking og tækni
þeirra er ómissandi fyrir þessar
nefndir og verður því að koma
því svo fyrir, að störfin haldi
áfram. – Þarf að semja við B. Ól.
Talaði við fjárskiptanefnd í Þingh.gs.
R.stj. sendi mér uppkast að há-
tíðaprogrammi.

5/4 Miðvikud. Talaði við R.stj. og sagði
honum frá aðgerðum mínum við
form. flokkanna um forsetakjör og lét
hann vel yfir og þakkaði mínar að-
gjörðir. Hann óttaðist að því fá séi
vinstra með um höfuðrask stað yfir
frá 1/4 [illegible] í Bessast. [illegible] Þing.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

valla til veru hjá B. Ól. Konungsh.
en fram um páska. Fór kl 2 og
kom kl. 5. Gott veður. Fór Hellisheiði.

6/4 Skírdagur. Sunndælisveður
allan daginn. Fór á fætur kl 7½.
Hátíðarnefnd kom, ég var ey
með henni og athuga hvað
gera þyrfti. Ásg. Ásg. kom í K.hús,
í tilefni af láti Gunnl. Ein. læknis,
til mágkonu hans.

7/4 Föstud. langi. Sunndælisveður. Fór
á fætur 7.30 og gekk úti. Bakaði
mig í sólinni, þó ekki [illegible].
Dýrðleg kyrrð. Sólskin. Spegilslétt
vatn. Fannhvít fjöll. Blár himinn.
Margskonar litir á hlíðunum og lág-
fjöllunum. Ekkja Gunnl. Ein. börn og faðir
komu f.h. og voru allan daginn. Gengum
fyrst langt út með vatninu og seinna suður
af Vellankötlu.

8/4 Laugard. Snarpur austanvindur en
gott veður. Fór á fætur kl. 8. Athugaði
nánar Lögberg og hve langan tíma tekur

ganga ofan úr Gjárendanum og niður að Lög-
bergi fyrir „göngu" og virðist þar vera
5–6 mín. Fór í göngu suður fyrir Vatnskot
með krökkunum. Heyrði óskemmtilegt umtal um dóttur Rsp.

9/4 Páskadagur. Austanstormur
stórhríðar. Fór á fætur kl. 8
Fór stuttar göngur.

10/4 Annar Páskad. Ágætt veður
Fór á fætur kl. 8. Fór stuttar
göngur en var heima við og
naut sólarinnar úti. Fór heim
með sjálfskeyðu B. Ól. kl. 5½ og
kom heim kl. 7½. Ágætasta
dvöl sem orðið gat. Fólkið
er svo gott og innilegt, frúin
börnin og húsbóndinn.

11/4 Þriðjudagur. Ráðh.fundur um
ýmisleg mál. Var góð har-
móní á fundinum, en við
höfum ekki hittst allir
síðan fyrir nokkru. G. Sv. fors.
s. Alþ. hringdi til mín nýkom 5
úr í stöðinni og spurði hvort
stjórnin ætlaði ekki að gefa

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sendiherrum Ísl. kost á
að koma heim til þess að
vera viðstadda 17. júní. Ég
kvað stj. hafa rætt þetta mál
í tilefni af fyrirspurn frá
Alexander og talið ekki
ástæðu til þess að kveðja þá
heim. Hann (G.Sv.) taldi það
viðeigandi að þeim gæfist
kostur á að vera við þennan
mikla atburð. Ég kvað
það torvelt að láta þá koma
um svo langan veg, austan
úr Moskvu og vestan úr Washington, og væri það smekks-
atriði hvort það ætti að vera
rétt, en G.Sv. vildi orða það
svo, að það væri álitamál
hvort þeir ættu ekki að
vera. Sleit svo talinu með
því að ég lofaði því að halda
fund um atriðið að nýju,
að beiðni hans. Vildi hann að

það gerði á morgun en ég kvað
það ekki mundu verða þá. En
síðar þegar hentaði. Sleit svo
talinu. Skýrði ég E.A. og V.Þ.
frá samtalinu.

12/4 Miðvikud. Sr. Pétur Oddsson
kom og talaði um Hvamm í Dölum.
Bygginguna þar. Amerísk sýning
opnuð. Þar talaði við Ól. Th. sem
var víst ekki eins viss að gefa mér
greið svör um forsetaval eins og
um daginn. Lofaði þó betra svari.
Sagði suma alveg vissa að kjósa
Sv. aðra ekki vilja lofa nú og
einstaka ekki vilja taka ákvörðun
sökum áhættu, að Sv. gerði eitt-
hvað af sér fyrir gildistöku lýðv.
Þetta er óheilindi. Ég sá G. Sv., en
ekki töluðum við saman. Hann er
ekki upprifinn. Talaði svolítið við
R.stj. og frú Ástu.

13/4 Fimmtud. Ég fór. talaði við
[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Stj. þá talaði ég við Rsf. um
ev. dvöl hans á Þingvöllum í
Maí. 2-3 vikur. Þá sagði ég honum
að Ól. Th. hefði ekki gefið svör. Hann
endurtók það, að hann áskoraði sig
hafa frjálsar hendur að neita að
taka við forsetakjöri, ef hann væri
ekki spurður eða látinn vita um
kjör fyrir ákveðinn tíma, að mér
skildist [illegible] einnar viku eða ½ mán.
Ég sagði honum, að ég teldi það
calamitet ef hann yrði ekki
valinn, aðstaða sín á við yrði
allt önnur og afleiðingar óút-
reiknanlegar. Hann lætur það
stöðugt uppi, að valið sé kom.,
um sína og í pottinum er búið,
ógerðfellt. Ég segi það verður að
græða sína, hann verði að afplána
sér. Hann sagði, að hann teldi sig
ekki hafa neina skyldu gagnvart
Alþingi að taka við kjöri. Ef
þeir létu ekki uppi fyrir fram

óskir sínar um hann tæki við kjöri
og kysu hann síðan þegar þing
kemur saman fáum dögum
fyrir gildistöku stjskr., teldi hann
sér heimilt að taka ekki á
móti kjöri. Og hvað gerðu þeir
þá? Leituðu að öðrum. Ég sagði,
ef hann tæki ekki á móti kjöri,
mundi stj. segja af sér. Hvernig
liti það út? Ég kvaðst vona, að
að fá endanleg positiv svör.
Þá spurði hann mig hvernig
E.A. tæki ekki á móti boði í
veizlur. Ég sagði það mundi vera
kenjar. Ekki animositet. En
hann hefði um sinn verið styggur
útaf Rsf. bréfinu. En ég héldi það
væri ekki neins áhyggjumálsþörf.
En mér datt í hug á eftir ástæða, sem
ekki er svo fráleit. E.A. á ekki neins
samkvæmisföt. Ætlaði í fyrra að kaupa,
en varð ekki af. Ég gæti trúað þetta
væri [illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

14/4 Föstudagur. G. Sv. kom á
fund allsr. ráðherra og
fór það skriflega um sam-
tal við hátíðahöldum. Eg
setti fram mínar skoðanir
um veizlur á Þingvöllum
þyrfti ekki að vera á hátíðar-
prógrammi: Motast ætti
af nauðsyn en ekki til
hátíðabrigðis fyrir fáa útvalda.
Eg nefndi, að Rsf. ætti að leggja
kransa að styttu f. Sig. G. Sv. þótti
það ekki ósamrýmanlegt. Hann
taldi að gera mætti gott úr
öllu með samkomulagi en
eg taldi hvern eiga að hafa það
hlutverk, sem honum
bæri: Sendiherrar væru bezt
komnir á sínum stað.
Aðrir lögðu orð að, á sömu lund.
B. Ól. sagði ~~ég~~ hafi verið þung-
ur á brún og G. Sv. ~~um~~ hafi
litlulega, ekki þótt fundurinn skemmtilegur.

15/4 Laugard. Ráðh. fundur um
Siglufjarðarmál. Eg segi að
eg vanti að veita umbeðið leyfi.
Jarðarför Gunnl. Einarssonar læknis.
Eg er settur af kirkjuverði á vissan
stað í kirkju 3. b. a. n. og kann
ekki við. Rsf. 2. b. a. s. og V. Þ. 3. b. a. s.
~~[illegible]~~

16/4 Sunnud. Hef setið heima
og engan fundið, en guttlað
við lestur. Þarf að rannsaka
á morgun horfur um forsetaval.

17/4 Mánud. Talaði við B. Ól. um
framhald vinnu f. Bl. og fél. Hann
virtist sammála um það eins
og komið var.

18/4 Þriðjud. Fundur með Rsf.
og V. Þ. og E. A. um sendingu svars
út af fyrirspurn Krabbe. E. A.
var með svolitlar vífilengjur.
Síðar talaði við V. Þ. um fram-
sóknarfl. Hann var á því að styrkja
stj. í sumar með 2ur úr flokknum
ef [illegible] ætti.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19/4 miðvikud. Beðið eftir
svörum um forsetakjör
hjá 3 form. flokka: Ól. Th.
fór með tóma vafninga. Sagð-
ist ekkert geta sagt. Ekki
væru allir við í sem þessir
við um daginn, þeir ekki
nú o. s. frv. Ég sagði honum
að ég mundi ekki halda uppi
eftirgrenslunum um
þetta lengur en til mán-
aðamóta. Hann viðurkenndi,
að það væri óþægilegt fyrir
stj. Lofaði að láta mig vita
að fyrra bragði, þegar hans
athugun væri lokið. Eyst. hafði
gert athugun en ekki til hlítar;
hafði lofað svari 13–14. en
gleymdi að ganga úr skugga
um þetta í Framsf.. E. Olg.
taldi sinn flokk mundi beita
sömu aðferð og áður. Ekki
greiða atkv. En talar þó við

mig á morgun. Ég var í
samsæti fyrir gullbrúðhjón
Vilhj. & Stein. Briem. E. Ol.
sem stýrði samkv. drakk
til mín á áberandi hátt
og sagði mér á eftir að hon-
um hefði þótt ákaflega
vænt um að ég (forsætisráðh.)
kom. Hann sagði í gamni
að hann væri dál-snobbari.
20/4 Sumard. fyrsti. Heima.
Hringdi til B. Ól-sn, V. Þ.-sn og K. St.
sem sagði mér, að hann ætti von
á bréfi frá Krabbe. Seinna hringdi
hann til mín og hafði þá lesið bréfið
og kvaðst ráðinn í að leggja það ekki
fyrir stjórnina en hinsvegar að kynna
mér einum efni þess. Ég taldi
það nokkurn ábyrgðarhluta fyrir
mig að taka það á mig að leyna
bréfinu, en á það yrði þó að hætta
og mæltum við okkur mót
á morgun kl. 12.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

21/4 Í bréfi til. utanríkismálaráðh. skýrði
Krabbe frá því að hann mundi
skýra Rsfj. í einkabréfi frá við-
horfinu í samb.-málinu gagnvart
konungi. Fór ég nú til Rsfj. og
las hann fyrir mér bréfið.
aðalkafla þess. Þar sem hann
talar um orsendir og athuganir
með hverjum hætti kynni að
vera heppilegast að nálgast kon-
ung og fá að vita ~~viðhorf~~
hans[3] um[1] undirtektir[2] við afsal
hans á konungdómi. Hann telur
það miklu varða uppá samskifti
þjóðanna eftirleiðis, hvernig Ísl.
skilja við konung. Bendir á hinn
mikla hnekki sem um 10 ára
skeið hafi ríkt milli N. og Sv.
og um hafi gætt í viðhorfi
eftir hernámið í norð. styrjöld.
Hann taldi best að forsætisráðh.
hefði getað komið, en slíkt væri
útilokað vegna samgangna

en persónulegur sendi-boði væri
þó það besta, ef ekki fæst þá
hátíðleg tilkynning, og ósk um
hann konungsamb., sem kæmi
fram frá helstu representa-
tívum stofnunum í landinu
og taldi hann upp margar
þeirra. Rsfj. bauð mér ekki
afrit af bréfinu og ekki bað
ég um það. Ég mun ekki
geta um bréfið við B. Ól. eða E. A.
en ég geng útfrá því, að Rsfj.
muni segja V. Þ. frá innihaldi
þess. Ég gaf Rsfj. í skyn,
að ég mundi vinna í þá átt
sem efni bréfsins greinir og fá
mann til þess að fara af hálfu
Alþ. til Svíþj. og ef unnt væri
til Danm. Þetta mundi
sýna Sv. um Br. viðleitni í
þá átt að nálgast kon-
ung. Ég minntist á við Rsfj.,
að ég hefði [illegible] V. Þ.,

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hvort ekki væri hugsanlegt að mynda „blokk“ með Frs. & Alþfl. með það fyrir augum að toga þar meir frá Sjálfst. að meirihluti fengist. Hann hugsar um þetta. Átti tal við Ó. Ólg. um forseta-kjör. Ekki gat hann gefið neitt upp enn. Efaðist um hlut-töku flokksins í kjörinu. Hann mun tala við mig privat seinna í næstu viku. Honum virtist áfram um það. Sagði, að fl. hefði ekkert persónu-lega gegn Sv. B. en hann væri í rammanum móður Frs. & Alþ. og því vildi Soc. ekki styðja kjör hans að svo komnu.

22/4 Laugardagur. Talað við nefndarm. f. Bl. & fél. Bl. & G. G. vilja losna. Páll Herm. kom og talaði lengi. Hann er hinn ekkert legasti móður. Eg lagði fullnaðar samþ. á skjaldarmerkið. Raðh.-f. ýmislegt samþ.

23/4 Sunnud. 1. s. d. í sumri. Fyrri hl. dags þurt veður. Þoka yfir og í kring, virtist þjakt til fjalla. Austan gola. Léttari úr hádegi sást þó lítið til sólar. Seinni hl. dags og kvöld N. gola og létt kir neðra, dálítið sólfar. ½ Hverag. slátturinn. – J. Brien kom og kona hans. Hann sagði best að að fá sanskan guðfr. kennari að háskólanum. Sr. Björn eða Benjamín dygðu ekki. Sr. Sigurbj. mætti ekki missa sig. – V. Þ. hringdi og var í öngum sínum útúr „bröggunum“ Varð ef B. Ól. er á máli fyrir útskýring fah. M. – Þetta er leið-indamál, því að V. Þ. hefur lítt-lega gefið Ames ofurlítið vilyrði um að kaupin gengju. Séð um seinna, að flokkform. má ekki í venju[illegible]

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/4 Mánud. Boðinn á rúss-
neska kvikmynd „We will
come back". Ekkert óhugnan-
legt, leikurinn frábær. Rússa-
sendiherra nefndi við mig komu
í reception 1. maí. Hitti
Rsþj. á eftir myndinni, hann
virtist ekki ánægður. Talaði
við mig um hvort stjórnin
ætlaði ekki að hefjast handa
í dýrtíðarmálunum. Ég sagði
það mundi varla verða fyrr enn
seinna í sumar að afstöðnum
lýðveldismálinu og ekki
í sambandi við það. Ég
kvaddi hann, og var hann
ekki ánægjusamlegur. Hann
á líka við heimilis accident
að stríða. Þó ekki hjálvarlegt
en hvimleitt; hann fékk fell.
25/4 Þriðjudagur. Að afstöðnum
fundi í utanríkismálanefnd
var ákveðið að gefa út lög og

kaupa braggana. Sjálfstæðið
formælt á móti. Ég minntist á
við V.Þ. hvernig væri hægt
að tilkynna konungi niður-
stöðu atkv.greiðslu um samb.
málið og hvað þurfi að senda
mann til Svíþjóðar ef unt
væri og þaðan til Danm. að
bera þann boðskap og
vilja Ísl. til stofnunar lýð-
veldis. og fá svör rex. Hann
hefur lítillega talað við Rsþj.
og sagði, að senda þyrfti
hinn virtulegasta mann
sem færi með umboð þjóð-
arinnar, forsætisráðh. Ég
sagði að vart færi ég með um-
boð þjóðarinnar og senda ætti
mann, sem rex hefði kynni
af og hann hefði traust til.
Ekki leit hann sér skuldjast þetta
Sagði þó. Hefur fors. s. alþ. þjóðrækn.
[illegible] mætti henda tegg. [illegible] g.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Annars er nú slitið öllu samb. milli Svíþ. & Danm. og verður allt þetta ófram-kvæmanlegt, ef þrí heldur áfram.

26/4 Miðvikud. Ríkisráð. Bragga-lög gefin út. B. Ól. hélt afbragðs snjalla útvarpsræðu. Talaði við Herm. Hann hélt, að ekki mundi hægt að mynda stjórn í sumar.

27/4 Fimmtud. Jóh. Sigf.(?) tilkynnti mér, að Framsm. 12 með ör. uggri vissu kysu Sv. B. 13 að líkindum um 14 (þ.e.) væri ekki gott að segja en 15. (Hulda(?) lambur) veikur. Aðrir flokksar hafa ekkert sagt mér.

28/4 Föstud. Hitti Rstj. sýndi honum skjaldarmerki. Hann hafði ekki við því að athuga. Talaði svolítið pólitík. Spurði hvort ræða B. Ól. væri fyrirboði um pólitík stjórnarinnar. Eg gaf það í skyn. Ræddum um samkomu þings í sumar helst í ágúst. Svo kosningar gæti farið fram, ev. í okt. ef með þyrfti. Þeir sögðu frá misskilningi(?) fram-sóknar. Ekkert heyrt frá sjálfstæði. Hann sagði B. Ben. í boði hjá sér fyrir vetur og verið mjög fullt. En P. Egg. sagði Rstj. að B. Ben og hann hefði verið saman í öðru boði og hefði B. Ben. verið eftir-takanlega fullur. – Hann getur ekki gert að þessu. Skaps-munirnir eru svona.

29/4 Laugard. Landl. talaði ýmis-legt við mig. Hann er alltaf skemmti-legur. Eg ekkert heyrt frá E. Ólg. og Ól. Th. Eg bjóst við þessu. Þeir eru stefnulausir spákaupmenn báðir tveir í pólitík. Ekkert ann-ars merkilegt borið(?)

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/4 Sunnud. Setið heima. Við engan talað. Skrifað bréf handa telpu í Ameriku, sem bað um autographíu mína. Skrifaði lífs-hlaup mitt fyrir skrifstofu Alþingis. Las Margot Asquith.
1/5 Mánud. Fyrir hád. leiðrétt-ingar mínar í styrkmálum eftir föngum. Fór kl. 5 til minningar-guðsþjón. í Dómkirkj. um Knox sál. flotamálaráðh. U.S. eftir boði. Þar voru V.Þ og B.Ól. og frúr. aðra Ísl. sá eg ekki nema borgar-stj. B.Ben. Rstj. er á þingv. Ráðh.(?) sendir boði mínu. Guðsþjónustan var viðkunnanleg og röskleg. Prestarnir sérstaklega snotur menni og rómgóðir. Ritualið var nýnæmi. Staðið undir söng-sálmanna. Setið undir upp-lestri úr bibliunni, trúarjátn. og faðirvori. 1. Sungum sálma. 2. Prestur las vita hins látna, einfaldar staðreyndir, og sagði að lokum, að hann hefði þjón-að vel sínu föðurlandi. 3. Þá sálmur. 4. Þá víxlsöngur milli prests og safnaðar yfir trúarjátn. 5. Þá sálmur. 6. Bænir. 7. Sálmur. Hvorrar trúar hinn látni hefir verið veit eg ekki. Spurði frú Þór, hvað hún héldi, og gat hún ekki sagt það með vissu. Líklega kaþólskur, en þó vantaði kaþ. blæ. Kannske enska high church eða eitthvað þess háttar. Eg.gyr.(?)
2/5. Talaði í gær við E.A. útaf veitingu doc. emb. í guðfr. deild og rökgerðir(?) umsókn fr. til 31. þ.m. sem væri alltaf stattur(?). Hann samþ. það og lofaði að tala við sr. Sigb. E. sem er umsækjandi. Ráðh. f. með vegamálastj. um kröfur Alþ.sb. Samþ. að verða ekki við kröfunum og ef verkfalli yrði lýst, þá að hefja [illegible] Alþ.sb.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/5 Miðv.dagur. Verkf. Alþsb. í vega- og brúagerð.– E.B.G. hef falið að hefja mál. V.Þ. fór til Ak. E.A. hefur ekki látið mig heyra neitt frá sér um doc.emb.

4/5 Fimmtud. Fékk pr. Stokkhólm símskeyti frá Chr. X konungi, sem í niðurlagi þess lýsir því, að á meðan Ísl. og Dan. eru hersett, geti hann ekki viðurkennt breytt stjórnarform í Ísl. sem ákveð-ið hafi verið af Alþ. og stjórn án samninga við hann og óskar hann þetta birt þjóðinni og stjórninni. Ég bar þetta þegar undir E.A. og taldi hann, að þetta mundi engu breyta. Hann og B.Ól. eru á sama máli og ég um, að þetta skeyti eigi að birta. Ans og fund er fram. V.Þ. var ekki við í bæn. en ég sagði honum frá þessu sem og að ég hefði boðað for-menn flokkanna á fund kl. 10 til þess að birta þeim þetta. Rstj. austur og á ferð til Þingvalla en þar er hann. Hann lét Clausen bera boð um, að ég skyldi hringja hann upp á morgun ef svo sýndist. Annars sagði hann ekkert annað.– Har. Guðm. sagði, að Alþfl. myndi kjósa Sv.B. en þó væri hugsanleg einhver önnur samsteypa og væri þá Alþfl. óbundinn.

5/5. Haldinn f. kl. 10 með flokks-form. um konungsboðskap-inn. Allt fór þar skaplega. Aftur fundur kl. 3 með fulltrúum flokkanna og varð góð eining. Samið álit og yfirlýsing rstj. og fl. um kgsb. til birtingar

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

var gott samkomulag.
Talaði við Rchj. á þingv. kl. 12³⁰
Hann vildi helst, að ekkert
væri sagt útaf kgs.boðskapn-
um. Var ánægður yfir að vera
ekki heima. V.Þ. sagði mér
eftir Johansson Svíasendiftr.,
að hann vissi, að boðskapur
kgs. væri ekki runninn
undan rifjum Forsætisráð.
hann hefði skrifað bréf á
allt aðra leið, sem hann hefði
enn hendur fáli. Þetta er
gott. Þá er þetta líklega
ekki innblásið (?) í forsendum (?)
á fundi Dam fm.- Það að
sama er að segja um Kaufm.
Shepherd hr. sendiherra (?) er af
öllum vilja gerður. Mr. Morris
mun segja V.Þ. í hvaða [illegible]
tír. Eg í boði hjá V.Þ. með
Mr. Morris, sem nú er á förum.
Þar var Herm. Ánægjulegt boð. Þar

var og B.Ól. og hans ágæta frú.
Rsh. sagði mér í samk. 12³⁰ að
mr. Shepherd hefði talað lengi
við hann í gær og V.Þ. talaði
við hann í dag og mun tala
við hann aftur seinna á
morgun.

9/5 Laugard. Í blöðunum er
birtur boðskapur konungs og
svar stjr- og stj.málaflokka.
Svarið er kalt en ekki
ókurteist, að mér finnst. Var
ekki hægt lengra að komast í
því að hafa það einfalt og
virðulegt án nokkurs broddsk
til Rex út af því að koma nú
fram. Svarið var samið af þess-
um að afloknum fundinum kl. 3:
1) B.Ben., 2) E.Olg., 3) Herm. og 4) St.J.St.
og 5) mér. Við 3 síðastt. unnum sam-
an að því að hafa það sem hófsam-
legast. Annars var eg smeykur um
að 1-2 mundu bólgna upp, en eg

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

ekki, að eins og það varð, hafi
verið hið besta sem vænta
mátti. Alþbl. setter hvort
tveggja rétt upp, en hin blöðin
ekki. Ég símaði til Rsty. á
Þingv. og sagði honum hvernig
allt hefði gengið til og yfirlýs-
ingin væri eftir átrúnaði hins
skársta. Hann var ánægður yfir
að vera ekki við látinn. Ég
sagði honum, að V. Þ. mundi
sína til hans, er hann kæmi
í bæinn, en hann er farinn
austur fjall í dag, hvað að
starfa eða hvar, veit ég ekki.
Árni Pálss. próf. hringdi til
mín og var ævarteginn og
taldi yfirlýsinguna að efni
til rétta en ekki nógu hart-
eislega, það væri komið í dagana,
sem hann hefði grunað. Hann
taldi þó, að rex hefði ætlað að
láta heyra til sín fyrr.

Ég hringdi til St. J. St. og kvaðst
hann ekki hafa heyrt óánægju
með yfirlýsinguna og var
sammála mér um, að betri
hefði hún ekki getað orðið
með samstarfsmönnunum.
7/5 Sunnudagur. Fór ásamt
V. Þ. til Þingvalla að tala við
Rsty. Hann skýrði frá viðræðu
Sephard við sig, er hann
kom til Þingv. í fyrri viku.
V. Þ. skýrði og frá samtali
við hann. Svo og samtali
við Morris. Samræður hafa
farið fram milli London og
Wash. um ísl. mál, en
útlegra hefir það verið sem
Mr Akers skrifaði hingað
um að mr Cummings.
Rsty. var áfram um það, að ég
sendi Rex orðsendingu og
mun ég íhuga það.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/5 Mánudagur. Talaði við
E.A. og Herm. um að ég sendi
Rex viður-kenningu fyrir
boðskapinn. Þeir ekki fúsir.
Einhælt á móti. Ég símaði
til Rsth. og bað hann um
„recept". Hann tók því
vel. U.S. búinn að fá þá „idé"
að „Boðskapur" Rex hygginn
að vera falsaður. Enginn
trygging fyrir, að hann stafaði
frá honum. Ég mælaði í
móinn. Það að vera ekki
skiljanlegt, að hann kæmi
svona seint, en ástæðum
til þess, væri ekki að svo
stöddu hægt að finna. Ég
tala nánar við hann á morgun
um þetta. — Alþs.b. boðar
samúðarverkfall þann
16 hjá 5 ríkisstofnunum.
Við fáum sjá hvernig fram-
vindan verður þar. Alex Joh.

talaði við mig í dag, og sagði
mér eftir B. Ben, þó fullum,
að mikill hluti Sjálfst.fl.
mundi kjósa Sig. Eggerz fors.
Kannske gera sér þeir það
til skammar og landinu
til álitshnekkis og lýðveldis-
málinu til niðurdreps í
augum þeirra, sem mest
ríður á að halda vináttu
einni uppi, Breta og U.S.

9/5 Þriðjudagur. Fundur með
utanrm.nefnd um skrif blaða
Svía. Teknar ýmsar ályktanir
um þetta með góðu samkomu-
lagi. Talað milli ráðh. um
Rex-orðsendinguna og samþ. að
biðja Finsen um að komast
eftir um upphaf hennar.
Fékk „recept" frá Rsth. og
afskrifaði og sýndi meðráðh.
Þeir ekki alveg ánægðir. E.A.
sagði hann of vægan. Ól…

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skaptið og er það nú til yfirvegunar. Verður brátt að fallu á morgun.

10/5 Miðvikudagur. Orðsending mín til Rex athl. E.A. vill ekki hafa hana eins og ég. B.Ól. vildi enning breyta. V.Þ. ekki athl. Eg stríkaði hana af nýju og ætla að leggja hana fyrir formenn flokkanna á morgun. Hvernig fer með vegavinnuverkf. óvíst. Þeir vilja, að eg ætla - komma og er. ihald - ekki láta dóm ganga, en stjórnin fá enga uppreist. Ýmis mál til athl. með ráðh. í dag. Sérstaklega farmgjöld Eimskips.

11/5 Fimmtudagur. Biskup kom og fór vel á með okkur. Hann var ánægður yfir hugmynd um prestsetrin, sem ég lét uppi við hann. Fundur með formönnum flokkanna um svarskeyti frá mér viðvíkjandi orðsendingu konungs frá 2. maí. Fell-ust allir á þrúsdýrið, og i meginatriðunum á efni og svo símskeytis, sem eg hafði samið. Nokkrar vafrningar urðu á eftir en allt liðkaðist. E Olg. var tiltölulega góður. St. f. St. sagði Rsh. umboðum. konungs, því neitaði eg eindregið og aðrir tóku undir það. Útbjó eg skeytið að fullu kl. sex og var það síðan sent. Fór með V.Þ. og B.Ól. að óska Einari myndhöggvara til hamingju. Hákon Bjarnason og Guðbr. Magnússon báðu mig um stutta ræðu á Skógræktardag, og samþ. eftir nokkra kl. tíé. Veit þó ekki hvað segja skal. en þá: Vegavinnu-verkfallið stendur enn

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

12/5 Föstudagur. Talaði við Rstj. á Þingvöllum um að ég hefði í gær sent Rex skeyti. Hann lét vel yfir. Sagði mér, að hann mundi ekki á sér bera um Val fyrr en eftir 23. þ.m. Ég lét vel yfir. Hann mun vilja komast frá Þingv. eftir helgi en mjög kalt þessa daga.
Við V.Þ. töluðum um vega-vinnu verkfallið. Hann hefur ýmsar áhyggjur af því, sem von er, en B.Ól. er knarr-reistur. E.A. reiknast varla með í þessu. Ég er sorpaðs saumis og V.Þ. Vil fá hlut-hollan dóm ef unnt er og semja svo fyrjálst.
13/5 Laugardagur. Fór í afmæli Ásg. Ásg. sonar. Skeyti til Rex birt í íslenzku útvarpi í kvöld og verður birt í blöðum á morgun. E.A. að byrja próf.st.störf.
Ég, V.Þ. B.Ól. töluðum á fundi um vegav. verkfallinu. Grunur minn allir á sömu línu. Ég talaði prívat við sáttasemjara og lét hann vita, að rétt væri að freista fyrir um samningaleiðina, en engan veginn vegna eða fyrir stjórnina. Lét hann heyra, að við værum hvergi smeykir. Hann skildi þetta allt og stórfór eftir því. Var þetta samtal mitt við sáttasemjara samkv. umtali og 3ja –
14/5 Sunnudagur. Birt í blöðum skeyti mitt til Rex. Óland-arlegt í Mbl. en innrammað í Alþbl. Tíminn sér önnur. Grein birt í blöðum hér úr The Scotsman. Þar sem studdur er ákveðinn mál-staður gegn Rex. Talað við engan. sat heima og er að guttlast við að hugsa um rætiskorn í útvarp um söfnun fyrir Landgræðslusjóð. Hvort nokkur veigur verður að henni er enn óséð.
Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

15/5 – ~~Sunnudagur~~ Mánudagur. Ég var að skrifa niður þessi orð mín á morgun. í Útvarpinu. Annars ekkert fréttnæmt. Hef ekkert heyrt um vegaverkf.

16/5 Þriðjudagur. Borgarstjóri talaði við mig um 2 málefni Fæðingarheimili og Húsabyggingar bæjarins. Hann var kurteis. Unnið að samn. í vegavinnunni. Ég hélt 6 mín. ræðu í Útvarp fyrir Skógræktarfél. Valtýr var í útvarpsbirstofu. og þótti erindið gott. Þórði sömuleiðis. Ég held það hafi tekist vel.

17/5 Miðvikud. Var við messu sr. B.J. fyrir Norðmennina. kl. 10. Var ljósmyndaður af hermanni frá Associated Press, á það að vera vegna júní-athafnanna. Fundur ráðh., sáttas. og E. og G. Briem um vegamn. og sögðum við okkar úrslitakost hérumbil.

18/5 Uppstigningard. Samningar gerðir um vegavinnu. Ók upp í Skíðaskála með E.A. og Halld. Þórarinssyni. E.A. ræða í Útvarp annað kvöld í garð Dana og ýmis ávítur annars þáttar með upplestri á kvæði Stefáns frá Hvítadal um Skúla fógeta. E. Ólg las úr Ný fél.r. '48 eftir J. Sig. Ennfr. um Norðurreiðina '48. Þá úr Ísl. Þorst. Gíslas. '97. Lesin ljóð saman í Þjóðfelsi. Fornólfs um Kópavogseiða. o. fl.

19/5 Föstudagur. Verkfall Alþsb. dæmt ólöglegt. Stjórnin byrjaði þar með sama sinni. Frá Wash. kom tilk., að forseti U.S.A. sendi sérstakan Ambassad. til að vera viðstaddan lýðveldisstofnun. Ísinn þar með brotinn og munu fleiri á eftir koma. Símsk. frá Krabbe um að skeyti mitt komið og sent rex og birt. Sagði enn

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fremur, að réttast væri áður en ályktun Alþ.-væri gerð en eftir að atkvæðagreiðslan væri lokið með yfirgnæfandi meiri hluta, að senda Redegørelse. Þetta mun gjört.

20/5 Laugard. 1. Atkvæða-dagur. 100% kjörsókn í mörgum hreppum. Um 12000-i Rk. átti að verða 22.000 á morgun samt. Annars ekkert. Flaggað í Rvk víða. Ég féllst á það líka á stj. og Alþh. Stref um flöggun á Menntask. og barnask. á Ak. en þó varð það svo.

21/5 Sunnudagur. 2. Atkv.dagur. Kosningaþátttaka mjög mikil. Talaði við Vilm. landl. útaf bréfi hans um „trúnaðarráð hans konungi til handa". Það fór vel á með okkur. Hann er afargramur útaf hinum óskammfeilna atkv. áróðri. Gagnrýndi mjög rétta Alþ.för.

um Ásbúðarmýrarsamþykkt. og rætt Z.H. ráðh. Hann taldi Þjóðverja fullkomnasta þjóða. Hún yrði sigruð, en síðan sigraði þar verst í þeirra fari, einræðisstefnan og hinn skefjalausi áróður sigurvegarans. Ennfremur sagði hann, að atkvæðagreiðslan, sem nú stæði yfir hjá okkur, væri upphaf að ofbeldis- og einhliða áróðursatkvæðagreiðslum síðar. Hugsana- og valfrelsi væri brott úr sögunni hjá oss — sitt hvað er til í þessu öllu saman. Ég sagði Egg. Sch. form. landsnefndar að tala við Z.H. um að leggja fyrir yfirkjörstjórnir að geyma kosningaseðlana að lokinni talningu. Annars hef ég engan hitt og dagurinn eins og veðrið þurr—fokin—dumbungslegur.

27/5 Mánud. 3. Atkv.dagur. Ég talaði við próf. Alex. og hafði hinn mesta mun ...

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í tilefni að framferði Sjálfst. og Social.fl. um að hafa ekki komið sér niður á að tilnefna ~~hjónaefni~~ frambjóðanda forsetaefni. Talaði við Rsfj. og lýsti við hann þungsinni mín um um hátíðahöldin og sömul. Krabbes um Redegjørelse til Rex. Hann taldi rétt að sýna Krabbe strax um viðurkenningu forseta U.S., og var V. Þ. kallaður til. Minnisti á að undirskrifa skjöl stjórnarskrána. Það geymi eg hjá mér. Ráðh.fundar á Bessastöðum með Rsfj. og aðallega talað um fulltrúa erlendra þjóðhöfðingja, sem kunna að verða viðstaddir lýðveldisstofnunina. Hvernig að þeim skuli búið og með þá farið formlega og réttilega 17. júní. Í ráði að veizla verði hjá forseta á Bessastöðum að kvöldinu og þá heldur

veizla forseti Sþ. á Þingvöllum að kveldi að falla niður. En hann í þess stað að stýra veizlu hinn 18. að Hótel Borg.

<u>23/5 – Þriðjud.</u> <u>4. Atkv.d.</u> Ekkert sérstakt til frásagnar hefi eg en hitt.

<u>24/5 – Miðvikudagur</u>. Hitti Rsfj. og afhenti hann mér uppkast sem hann hafði gert af Redegørelse til Krabbe handa Rex að afstaðinni Atkvæðagreiðslu. Eg las hann og fannst hún ekki of undirdánug í svörum og sagðist mundi sýna hana Colls og ef til vill senda síðan eftir þeirra samþ. Við athuguðum hann síðan. Fyrst E. A. og hann vildi sleppa stóra kafla sem væri ofrajal. B. Ólvers á sama máli en V. Þ. var ekki eins. Það varð niðurstaðan að við skyldum ekki senda Redegørelse nema

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í samráði við formenn
flokkanna. Ég tók síðan
uppkastið með mér og hef
nú samið annað, sem ég
held að sé heldur gott og
vona nú bera það undir
Coll. Einn þá allt í grænum
sjó um forsetaval. Talaði við
E-A. sem hafði kynnt sér
Comma. Þeir vilja vera austur.
Sagði Sjálfstæðis, að eins E.
með S.v.B. leiðina í óreiðu.
Þetta er ljóta standið.—

25/5. Fimmtud. Rsk. lasinn, kom
ekki í bæinn. V.Þ. fyrir austan fjall.
Barst símsk. frá Thór í Wash.
þar sem sýnilegt er, að hann er að
reka pólitík upp á eigin hönd.
Vill láta bjóða Kaufmann danska
á lýðveldishátíðina, sem dæmdur er
landráðam. af Nazistum í Danm.
Þetta getur komið okkur í verstu
klípu. Hér þarf gætni og athugun.

26/5. Ríkisráðsf. í skrifstofu
forsætisráðh. Rsk. lét uppi, að
hann vildi, að stj. léti flokksform.
vita, að tími væri kominn til
að kveða upp úr með það í
trúnaði hver ætti að verða for-
seti. Hann 1. júní fari hann
að gera ráðstafanir til að
flytja frá Bessastöðum og segja
upp þjónustufólki og pakka
eignum sínum og fá sér hús.
Fundur með form. flokka
um Redegørelse til Krabbe
og Rex.

27/5 Laugardagur. Gunnar Pálsson
kom og var að spyrjast fyrir um
veitingu fógetaemb. Hann kvaðst
mundu fara, ef hann fær ekki. [Þá
var fundur með form. flokkanna
um afsendingu til sendiráðs í
Danm. til birtingar konungi og
dönskum stjórnarvöldum. Var fall-
ist á Redaktion mína og

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

31/5 kl. 6.28

við bætt kveðjunum í skeyti
sem ég sendi Krabbe til
eigin afnota. Þetta verður
gert þegar talning farið fram
alstaðar. — Minntist á við
flokksform. óvissu hvenær
þess, að vita ekki hver kjörinn
yrði forseti fyrr en fáum
dögum fyrir 17. Ól. Th. tók undir
þetta, hvað sem annars hann
kann að meina. E. Olg. sagði
lítið. En ég talaði við hann
einslega á eftir og sagði hon-
um mína meiningu. Ég sagði
að stjórn skyldi, að formleg
kosning ætti að fara fram
í Lögbergi; en ekki höfðu
þeir athugað það, og höfðu
samþ. að hafa það aðra vísu
og lýsa þar að eins kosningu
Hvernig þeir hafa þetta ennþá.

28/5 Hvítasunnudagur. Fór í
kirkju til Sr. Bjarna, sem
hélt ræðu af hita og hafði upp
kafla úr ræðu sinni s. l. sunnu-
dag, af því að breitt hafði verið
út, að hann hefði þá úr prédik-
unarstóli andæft stofnun lýðveld-
is. Hann sannaði, að það var vill-
andi túlkun á ræðu hans. — Ég
annars heima og hef verið að
hugsa um með hvaða ræðum
og á — ef áfram verð í núver-
andi stöðu — að setja Hátíðina
á Þingvöllum 17. júní. — Það
verða að eins 5 mínútur, en
þar skiptir máli að komast
rétt frá því, segja eitthvað, sem
verkar á áheyrendur og landslýð.

29/5 Annar í Hvítasunnu. Ég
fór að Bessastöðum og talaði
við Rstj. um skeytasendingu til
Danm. og forsetakjör. Enn
óvissa. Hann var gramur og
hótaði að skrifa þann 1. júní og
gefa ekki kost á sér. Ég lagði

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

að honum að tala við Þjóð;
hann gæti að gera það, annars
væri hann mesti óskunda;
calamitet. Ég veit ekki
hvort ég ræði á Alþ. Þá á
morgun, til þess að fá úr-
slit.

30/5 Þriðjudagur. Talaði við
Rstj. tvisvar. Hann hringdi og sagði,
að hann væri hættur við að skrifa
Alþ. eða fl., en léti vitnast hinn
1. júní að hann hefði aðvarað
þjóðarinnar fólk sitt o.s.frv. Atkvæði ekki
komin enn, en koma í fyrramálið
úr N-Ís. og N-Þ. og þá verða send
skeyti til Rex og Dann frá stj. og
frá mér til Krabbe og frá Rstj.
Sv.B til Rex. Fontenay var að
senda aðvörun. Sjálfstfl. heldur
á morgun fund um hvern þeir
vilja Þjóð.forseta loksins!

31/5 Miðvikudagur. Engin niður-
staða á Sjálfstæðisf., sagði Jak. Möller

mér kl 8½, en framh. á morgun
sem hann gerði sér þó ekki vonir
um að mundu leiða til niður-
stöðu, en hann talar við mig
milli 10 og 11 á morgun. Allir voru
þó á eitt sáttir um, að flýta
þyrfti afgreiðslu. Ríkisráðsf. í
morgun. Rstj. vill mjög að þessu
máli og virðist hann vera mjög
þreyttur á óvissunni. Annars talar
um að V.Þ. eða utanríkisráðh.
flytji í ráðherrabústaðinn, enda
muni hann til í það í sjálfu
sér. Möller talar um tilraunir
Sjálfst. til að mynda stj. og Mbl.
slær fast á þá trumbu nú fyrir
17. júní. Heldur var Jak. M. vonlítill
um árangur þar.

1/6 Fimmtudagur. Talaði við Jak.
Möller, sem sagði mér nánara af
viðleitni Sjálfst. til að mynda
stj. og velja Sig. Egg. sem forseta.
Hann taldi lítil líkur til hvorugs

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Ég talaði við R. St. og bar hann vera ráðagóðan fram á annað. Hann lofaði þar: Við. V. B. G. H. ekki við — tölurnum, ýmis. lagt m. a. um bankaráð Útv. bankans. B. Ól ráðinn í að skipa Gunnar Einarsson í bankaráð.

7/6 Föstud. Talað við Alex. um vandræði vegna sjálfstæðisbrölts-ins um stjórnarmyndun og vafa um forsetakjör. Hann er í vasa nefndarinnar, en féllst raun á flest það, sem ég sagði. Ég veit ekki hversu staðfastur ég á að vera á meðan í tali við G. Sv. Sá ensk-brezk stríðsmynd. Þetta er allt saman leiðinlegt. Þórður Sv. hringdi og var hissa á vitleysunni í Mbl. um tilraun til skýrslu. Það væri líka hreinasta vitleysa gagnvart viðhorf-inu út á við.

3/6 Laugardagur Talaði við Alex og G. Sv. um hátíðahaldið á Þingvöllum 17/6. og var V. Þ. líka. Var komist að niðurstöðum um nokkur atriði dagsins veg er Alex. hafði lagt og verður samkomulag líklega um það við G. Sv. En hvernig mistekst 18/6, ~~veitir af~~, sem G. Sv. og Alex eru mjög áfram um, veitir af, er óvíst. Því rétt er að bera ráð eins saman við R. St. um það efni ef flokkarnir komast að niðurstöðu um að velja hann, sem enn er ekki víst fyrir. Aftur Alex. prófarkar af programmi, sem verður að laga. St. J. St. sagði að opinbert mætti verða, að Alþfl. kysi Sv. B. forseta. Tilraunir um stjórnmyndun Ól. Th. standa sem hæst, það mun verka mjög illa út á við, ef konur tekist að velja menn ána og aðra til þess.

4/6 Sunnudagur. Boðskapur U. S. forseta, að hann sendi

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hingað sérstakan sendiherra
til þess að vera við stofnun
lýðveldis hér. Birt í dag við
vígslu Bjarn. skólans af V.þ.,
og í útvarpi samkv. tilk. utanríkis-
ráðh. til blaðanna. kl. 1. Heyrið
þetta verður á Ól. Th. og kunngj-
ánna er óvíst, vegna stjórnar-
myndunarbrasks þeirra. Sá
Rstj. en talaði ekki við hann.
Engar viðræður sérstaklegar en talaði
þó við G. Sv. um för til Þingvalla á
morgun til skoðunar þar.

5/6 Mánudagur. Fór með collegum
og G. Sv. til Þingvalla til athug-
unar umbúnaðar á Lögbergi.
Gerðum þar ráðstafanir til
bóta og breytinga. Fór með
sonum í boði til Forstenay í
tilefni af deginum. Hr. F. ekki
hér á landi, en frúin tók á móti.
Þar var fjöldi manna. Þar
sagði Shepard V.þ. og hann

síðan mér, að Bretastjórn
hefði útn. Shepard sem sérstakan
fulltrúa við lýðveldisstofnun.
Góðar fréttir. G. Sv. og Alex. á fundi
með okkur collegum um dag-
skrá 17. júní. Hún lagfærð á
ýmsan veg í prófarkh. Allt í
besta samkomulagi við G. Sv.
og hringdi hann til mín seinna
og sagðist hafa hringt til Rstj.
við viðv. lagning kranz við styttu
Jóns Sigurðssonar 17. júní að
morgni, sem ég hafði haldið
fast við að Rstj. gerði, en G. Sv.
hafði og þjóðhát. n. talið að forseti
Ísl. ætti að gera. Nú var G. Sv. til-
leiðanlegur til að Rstj. gerði það
ef hann vildi. Þeir gera út
um það mál á morgun. Ég
þakkaði G. Sv. fyrir þetta. Dagur-
inn þá allt verið hinn
ánægjulegasti. Ég er að basla við
[illegible] 17/6

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

6/6 Þriðjudagur. Tékk. viður-
kenning Hákonar VII. Noregs-
konungs og stjórnar hans
á stofnun lýðveldisins. Var
á sýningu Kvikmyndar
Rússa í boði sendiherra
Krassilnikov, „Pétur I.“ Var
hún afbragðs snjöll. Þá
var ég með V.Þ. og biskupi og frú
og Rstj. frú og ekkju Gunnl. Einarsson
hjá Þjóðmálaráðh. og frú hans í
boði um kvöldið. Ágæt veizla.
Þeir malla í Sjálfst. og fleiri
um stjórnarmyndun og for-
setakjör. Þetta er allt skamm-
arlega seint hjá þeim.
7/8. Stendur allt við sama
um pólitíska drabbið; nú
er komið á síðasta dag um
veizluboð. og stendur nú
til að taka fullnaðarákvörð-
un á morgun. Er þetta allt
erfitt en líklega á að [illegible] í Hásk.

8/8. Samræða ráðh. við Rstj.
um veizlur, boð til Chr. M. o.fl.
Fundur með form. flokkanna um
boð til. CM. og birt svarskeyti frá
Krabbe um, að Rex vilji ekki út-
tala sig frekar. Er að basla við
boð í veizlur en er ansi óþægil.
9/6 Föstudagur. Allt í grænum
sjó með veizlu ríkisstjórnar
vegna lýðveldisst. Átti að verða
í háskólanum, en nú
skipa flokksmenn fyrir um,
að hún verði á Hótel Borg
og að hún verði tekin lögn-
ámi með lögum. Var hjá
V.Þ. við máltaka R. Beck.
Kvittur stöðugt uppi um
að ný stjórn verði mynduð
nú næstu daga jafnvel fyrir
17. og trúir 2A. hálfgert á
það. Ég finn ekkert á
mér um hvað verður í
þessu.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/6. Laugardagur. Alþingi kom saman. Ég las bréf Rstj. um framh. fundi, og var svo fundi slitið. Athl. hverjum ætti að bjóða í Borgar-veizluna með Alex. og E.A. Orðrómur um stj. myndun og voru forystumenn flokk-anna á fundi inni í Sjálf-stæðisfl. herb. um 5 leytið í þessu skyni að sögn. Svía-stjórn viðurkennir lýð-veldið með Jóhannsson sem sérstökum fulltrúa á Þingvöllum. 17. að Lögbergi

11/6 Sunnudagur. Þjóðviljinn gagnrýnir réttilega, að Hátíðar nefnd og ríkisstjórn haldi veizlu fyrir einhverja útvalda þ. 18. júní. E.A. las þetta fyrir mér. Ég náði í Herm. og bað hann að koma í veg fyrir, að flokkarnir færu að gefa út lög í þinginu um leigunám Hótel B. og skipti fyrir honum að skera gesti niður um 1/3 þeirra, er bjóða bæri í veizlu. Stakk upp á að Fors. héldi eða tæki á móti hverj-um í Hásk. og Rstjórnin hefði þar veitingar um leið kl. 5-7 og þá væri starf. forseta lokið þann dag og hátíð á enda um kvöldið, en fólkið gæti lifað að vild sinni. Hefi verið heima og við engan talað. V.Þ. á Þingv. og Alex. líka. Þarf að hugsa þetta grand-gæfilega á morgun. Kvittur er á kreiki um að stj. myndun flokkanna sé frestað til haustsins. — S. Sv. tilkynnti kl. 10.50 e.h. e.u. frá form. Sjálfst. fl., að ef ég væri vísum að 20 menn af Framsókn og Alþfl. kysi Sv. B. sem forseta, þá væri svo margir menn

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

úr sjálfshófi, sem greiddu
honum atkv., að kosning
hans væri viss. — V. Þ. talaði
við mig á eftir, og lýsti eg
fyrir honum hugmynd
minni um móttöku-
hátíð. og féllst hann á
það að öllu. G. Sv. vildi
láta boða form. flokka til
fundar á morgun með
ríkisstj. og forsetum Alþ.
og ræða þessa hugmynd
og skýra hana fyrir mönn-
um. — Þetta ætla eg að gera. Eg
reyndi að ná í Bessa-
staði. kl. 11$^{05}$ og aftur kl
11$^{10}$. Þá með aðstoð
landsímans aftur en
allt árangurslaust
enginn gengdi.

12/6. **Mánudagur**. Aðalefni
dagsins umræður um
veizluhaldið, sem Alex.

G. Sv. var svo áfjáður í fyrst á
fundi um miðjan dag með
með forsetum og flokksfor-
mönnum án undirstöðu. Síðar
skrifar Hátíðarnefnd bréf og krefst
Reception 4-6 og veizlu kl 7½.
Þarsem stj. vildi ekki ganga góð-
fúslega inn á þetta, setti
nefndin þetta með forystu
G. Sv. undir fund allra þing-
manna á lokuðum fundi.
Var síðan greidd atkv., 24 já
8 nei 13 gr. ekki atkv. Var
veizlan talin samþ. af forseta.

13/6 **Þriðjudagur**. Hespað í gegn
á Alþingi í dag leigumannsboð á Hotel Borg.
Send út boðskort til veizlu ca
nokkuð eða meirihluta. Lokaður
þingmannafundur um ýmis-
legt hátíðahaldinu á Þingvöllum
viðkomandi. Annars ekkert sérlegt.

14/6 **Miðvikudagur**. Ýmislegt
vastur vegna hátíðahaldanna

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

og veizlunnar á sunnud. Ríkis-
ráð- Sýndi E.A. áformað ávarps-or
min 17. á Lögbergi: Hann alls ugat-
hugalega 2 setningar. Samin sam-
skeyti til Vestur-Ísl. og þakkarskeyti
til forsetis- og utanríkisráðh. Norð-
manna í London. Stjórnarmynd.-
margsatlið ekki alveg úr sög-
unni, en lítið þó aðhafst.

15/6 Fimmtudagur. Ýmislegt
annríki. Fundur í Alþingi;
Samning þakkarskeyta og
veizlu- og hátíðarundirbún-
ingur. Nú mun tilraunin
til stjórnarmyndunar alveg
hætt. J.J. hefur brosað mjög
allan þessi vastur og kallar
stjórnartilraunina, Ólafínu Her-
mannsdóttur eða Hermann-
ínu Ólafsdóttur.

16/6 Föstudagur. Richard Beck
mætti hjá ríkisstjóra í nú
við allra ráðherra og

flutti ávarp og kveðju og skal
til Rstj., sem veruðum Þjóð-
ræknisfél. og þakkaði Rstj. og
síðan tók Vigf. Sig. mynd af
öllum hópnum og síðan af okkur
og Rstj. Kl. 1½ var hátíðlegur fundur
í Sþ. Þar flutti ég 2 ræður áðra
fyrir tillögu um sambandsslitum
og þjóðaratkv. skipun. og las
Rstj.br. um fund Alþingis á
Þingvöllum. Ýmislegt fleira
var ráðlagt um.

17/6 Laugardagur. Lýðveldi
sett á stofn að Lögbergi.

18/6 Sunnudagur. Processíon,
ræðuhöld og veizla í
Reykjavík að Hótel Borg, sem
ég stýrði að nafninu til. Hún var
hávaðalaus og ströng og var
staðið upp frá borðum kl.
rúmlega 11. = byrjað kl. 8. komið 7½ -
Eftir rabb við ýmislegt folk,
datt í mig að fara heim kl. 12.20.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

19/6 Mánudagur. Allt sagt gott frá veizlunni. Hjalti J. símaði til mín og þakkaði og sagði þá beztu og virðulegustu veizlu sem hann hafði setið. Hann fór á 4. tímanum og sagði hann að enginn hefði verið drukkinn. Mér þótti í raun hálfleiðinlegt að ég skyldi hafa farið svona snemma og tel ég víst að sumt gott fólk muni hafa saknað mín, og það sem mér þykir verst um. Ég frétti þó nú einnig. Á lokuðum fundi í Alþ. í dag. Þingmenn virðast hafa verið ánægðir. og þökkuðu mér flestir fyrir kvöldið. En líklega hef ég farið mjög ánægjulegra stundu á mis með því að vera ekki lengur í veizlunni. Kannske væri ell það upp einnig

Jóhannes úr Kötlum heilsaði á mig í veizlunni og var mjög ánægður yfir að hafa verið boðið. Ég lét í ljós ánægju mína yfir kvæði hans, og hvað hann hafa ort í sama hug og 19. aldar skálds, sem ég hafði ekki búist við. Hann kvaðst stemningunna hafa verið svona og talið að við þetta tækifæri ætti þetta bezt við.

20/6 Þriðjudagur. Á fundi í Sþ. um þingfrestun lýsti ég því að stjórnin mundi vilja þó þingið sæti ekki, ef meirihluti þings lýsti því, að hann styddi aðra stjórn. Í fundarlok um leið og ég las þingfrestunarbréf lýsti ég því að stj. hefði haft ánægju af samstarfi við þingið síðustu mánuði og sérstaklega síðan 17/6.

21/6 Miðvikudagur. Lét birta í dag orðrétt konungsskeyti frá 17. í sambandi við orðsendingu frá forseta

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Alþingi til Rex. Sýnd mynd í Gamla Bíó frá hátíðahöldunum 17. og 18. Þessir sem sýnda eru margar velteknar myndir, þótt ófullkomið sé sem litmynd. — Gleymdi í gær að geta þess, að í lok fundarins lýsti eg því, að eg væri ekki hrifinn af að koma saman með þinginu aftur upp á sömu kjör gáfur — að undanteknum síðustu mánuðunum — og óskaði að þinginu mætti auðnast að ná meiri samheldni og mynda sjálft stjórn ekki „hégóma-utanþingsstjórn heldur sterka stjórn sem leyst gæti vandamálin". Þetta eru kallaðar stórpólitískar yfirlýsingar, en ekki er útaf þeim lagt í dag eða ~~dag~~ atyrtur fyrir. — Gremja mikil meðal fólksins yfir andúð seðlunum 15 við forsetakjör. — Þórður Sv. m.a.

27/6. Fimmtudagur. Ráðherrafundur um ýmis mál. Fundur með borgarstjóra og landlækni. Talað við Harð Bjarnason. Alexander Jóhannesson. Boð á Bessastöðum fyrir diplomata og hæstu toppa. Sat hjá Esmarch milli hans og við hægri hlið forseta. Ánægjuleg veizla. Drakkin skál Dana — U.S. Breta, Norm. Svía, Rússa Frakka, Holland og Suðurameríkju — og leikumar lokum þjóðsöngurinn. Fer kl. 11[45]

23/6 Föstudagur. 'Ásg. Ásg. kom til mín og talaði um Rafnseyri og var mjög þakklátur fyrir að hann var valinn í sendiför vestur á fjármálaráðstefnuna. V. Þ. fór norður. Eg, E A og B Ól töluðum um nýdanir í tilefni af lýðv.stofn. og verða þær allvíðtækar. E. A. vill launabót til ýmsra manna, en eg set skilyrði er prestar verðinad.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

24/6 Laugardagur. Talaði við sr. Magnús í Ólafsvík um prestsetorshús. Biskup um flutning á prestinum í búð til Bessastaða. H. Kr. Pálsson um starf handa konum, sérstaklega eftirlit með útlendingum. Hugsaði um breyt. á reglugjörð fyrir Fálkaorðuna. G. Sv. símaði til mín um veizlukostnað.

25/6 Sunnudagur. Setið heima, þó inndælisveður. Hef verið að hugsa lítillega um nýja reglugjörð fyrir fálkaorðuna og grein í Skírni um lýðveldið. Útvarpið endurvarpaði af plötum athöfninni á Lögbergi 17/6 og notuðu menn og tókst vel.

26/6 Mánudagur. Talaði við forsr. um fálkao. Ég minntist ekki á fangam. SB. og hann ekki. Ég lét þar hjálíða og sem nú uppkast mitt. Hann minntist á aðra orðu eins og áður; ég taldi tormerki á því. Við þar lélekaði Fálkao. í verði. Engu „suverains“-orðu. Hækka heldur Fálkao. í gildi. Hann minntist á að afsala sér vardlagsveitingu. Ég benti á, að það myndi verða talin kaupskapur til rann niður á við. Því verðugavert. Hann kvaðst vilja minnast á þetta við ráðh. en annars ætlaði hann að gera án ráða þeirra. Bindindi: Ég hafði ekkert móti því, en þá spurði sagt að forsetinn væri sjálfur. Ég talaði við V. Þ. E. A. og G. Sv. um útgáfukálitabækur. ? hvort stjórnin á að annast útgáfu eða selja réttinn. Tölum um það á miðvikudag. Neitað E. Ól. Sv. að skrifa í Skírni um lýðv. hafði fyrir í mánuði ekki viljað. Ætla láta endurnýja Ljósm. plötur af mér frá 1900 frá Á. Thorsteinssyni hvernig verður.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Þórður Sveinsson hringdi til mín í fyrradag og nú í kvöld og sagði mér sögu eftir merkum manni sem sagði við G. Sv. „Þetta hafa verið erfiðir dagar [G. Sv.] fyrir yður, það hefur verið mikið erfiði — þögn — það er erfitt fyrir einn mann að stofna Republic í einu landi“. Maðurinn talaði í alvöru og G. Sv. sagði sín orð í alvöru. — Þ. Sv taldi að þetta ætti skilið að komast á prent og það mundi gera það og sagði hann mér þetta svo fleiri vissu en hann.

27/6 Þriðjudagur. Heimsótti Þórð Sv með Halldórsson og talaði Þ. mikið um lækningatilraunir sínar og er hann viss með eina. Kreózót í nýrnajárn mjög merkilegt ef rétt reynist. Fuglkornið drap bakteríur en lítramanni ekki skemmdar. Stórir skammtar af Kreózóti hvern daginn eftir annan. Fengið vitneskjuna „handan að“, eins og Sigurjón á Álafossi lækning meðvirkinnar. Forskenay kom í gærkvöldi og baðum viðtal á morgun. Eg leyfði kl. 10.

28/6 Miðvikudagur. Ríkisráð. Ráðaráv. Fors. talaði um Sáckarji sem eg afh. honum uppkastið og þjóðveldispren. Verðl. uppb. Fund [...] Hafnam og borgarst. landl. um [...] fæðingarstofnun. Fundur með ráðh. E A. og Alex. um útgáfu Þjóð. bókar.

29/6 Fimmtud. Fundur með G. Sv. og Alex. um útg. Hátíðamerkis. Fór síðan til Þingvalla hitta E. A. og V. Þ. (Bóla frí forinu í vetur) um það og Hátíðarmerki. Kom [...] hátíðarpen. gerðir sem sendar verða: ?, hversu margir eiga að fá hann. Vist c 75.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/6 Föstudagur. Fors. sendi aftur fálkareglugj. með 3 smáaths. Annað að heiðursm. lýðv. Ætlaði að ná í V.Þ. frá hád. en tókst fyrst í 7-tímanum. Hann alltaf á tali við aðra. Kom loks og hafði engan tíma. Ég drap á 3 atriði byggingu heiðursm. fálkaorðu en það var eins og ekkert interesserað. Hann sagði mér í síma í matartímanum, að Fors. óskaði víst að fá dvöl í bænum á Þingv. og bað mig tilfara við Hor. S., sem og sagði, en hann taldi ég þurfa tala við J.J. Þetta sagði ég V.Þ. og þótti honum miður. Mér líkaði ekki flýtir V.Þ. Hver veit nema geti bognað á milli okkar, en það vil ég ekki að verði. Þórður fór í flugvél til Ísafj. E.A. er á Þingv. í húsinu.

1/7 Laugardagur. G.So. hringdi í morgun 8½ til að kveðja, sagði að við hefðum unnið saman á tíma og að störfum, sem aldrei koma aftur. Þakkaði fyrir samstarfið og galt ég í sama með árnaðaróskum. Ég fór 8½ e.h. til Bessastaða á fund forseta til þess að sýna honum merki forseta og uppdr. að heiðursmerki lýðveldishátíðarinnar. Talaði við hann um tölu þeirra er fá ættu heiðursmerkið og menn þar koma í minn hlut að takmarka tölu þeirra. Sem ætti að vera í Fors. ráðh. þingm og ambassad. og Krassilnikow. Biskup og R. Beck, það sem fram yfir er þetta dregur aðra á eftir sér, sem ekki ættu að vera með.

2/7 Sunnudagur. Sat heima, þó inndælisveður. Sá aftur sýninguna í Menntaskólanum. Hún vinnur við nánari athugun. B.Ól. frá Álaxo. E.A. í kyrrlung V.Þ. á Þingv.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

3/7 Mánudagur. Heyrði E.A. í síma en hvorki sá né heyrði V.Þ. Þeir voru við opnun ljósm.sýn. Rússa, en ég var þar ekki, en var heima eftir hádegi. Leiðinlegur dagur, en ekkert óhapp hefur þó viljað til.

4/7 Þriðjudagur. Sá ekki né heyrði E.A eða V.Þ. í dag. Boðið í Cocktail 11-12½ hjá sh. U.S og 5-7 hjá General Key U.S en afsakir. bæði og fór ekki. Sat heima e.h. Vildi ekki vera í stj. og ekki á Þingv. í Kgshúsi þar sem fann. E.A. er nú með leyfi mínu. Mér þykir ekki neitt sérlega skemmtil. Herbergi mitt ekki laust nema ég kalli og ég læt það vera að gera það.

5/7 Miðvikud. Jónas Guðmss. vildi fá frí með fullum launum til áramóta. Ég gaf til 1. okt. Hafði tal af E.A. og V.Þ. báðum saman. Forstenay er eitthv. óánægður með svör V.Þ. og ev. mín viðv. stöðu sinni, sem nú svífur í lausu.

6/7 Fimmtudagur. Ekki séð E.A. og V.Þ. þeir báðir á Þingvöllum. J.J. hringdi til mín skrafaði ýmisl. Ó.Th. og Hem. gætu ekki myndað stj. vegna þess þeir þorðu ekki vegna verkfalla. Ekki [illegible] neinn tími til kosninga. Fólkið í vinnu. Vildu háa vísitölu. Það sem dygði, stj. með 1000 m. bæjr. til þess að bæla niður verkföll. Við myndum sitja hann sagði 2 daga í byrjun eða 2 ár: Hann sagðist mundu treysta því, þó ekki í sumar að forseti fengi konungshús á Þingv. til umráða úr því hann seildist til vera á Þingv. (Þeir í Bænum á morgun en J.J. á Þingv. og telur sig ráða bænum) Taldi Eyst. láta skatta sér gegn V.Þ. Kommar væru á leið að vinna sig upp í SÍS.

7/8 Föstudagur. B.Ól. kom inn og gaf mér lax. Ráðleg. um merki forseta a.ft. E.A. talaði við Forstenay og [illegible] hans og V.Þ.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

8/7 Laugardagur. Ríkisráðsfundur á Þingvöllum. Var gefið út úrsk. um fána og merki forseta og forsetabréf um heiðursmerki v. endurreisnar lýðveldisins. Hverjir eiga að hljóta auk 66 manna, sem eru þegar ákveðnir [illegible], en ekki verða gefnir út fleiri en 75. Forsetabréf um reglugjörð vegna Fálkaorðu bíður vegna athugana um hvort núverandi orðunefnd er brottfallin eða ekki og mótvilja Ól. Th. J. J. sem samkv. reglugj. uppkastinu yrðu að víkja úr nefndinni. – Þá nefndi B. Ól. að semja yrði till. til dýrtíðarráðstafana, bera þær fyrir þingfl. í síðasta lagi 20. ág. og kalla þingið saman 2 sept. og segja: 1) samþ. 2) mynda stj. 3) þingrof. Þetta er líklega rétt ekki láta vella lengur á reiðanum. En

þetta verður að vanda.

9/7 Sunnudagur. Heimsótti Jóh. Jóh. fv. bæjarfóg. viðv. endurskipun orðunefndar og breytingar á regl. Sagði honum áform mitt um að fækka pólitísku foringjunum Ól. Th. og J. J. úr nefndinni. Óskaði að mega endurskipa hann í nefndina sem form. og sagði honum ég ætlaði að leggja til, að M. Sig. og Vigf. Einars væru áfram og forsetaritari. 5. maður en nýr maður sem væri að eins R. af orðunni væri skipaður og hefði ég hugsað mér Sig. Halld. húsameistara. Hann varð við ósk minni að vera áfram í nefndinni og var ánægður með S. H. nú er eftir að tala við hann og ég ætla að hafa varamann í nefndinni. og hef ég hugsað mér Matth. Þórðarson. Þjóðm.vörð. var að tala við hann.

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

10/7 Mánud. Talaði við Matth. Þ. og Sig. Halldórss. um orðunefnd. Er nú að láta ganga frá reglugj. og stofnunarbréfinu og ætla að bera þetta upp í ríkisráði á morgun kl. 3 á Þingvöllum, en þar er forseti nú, einnig V. Þ.

11/8 Þriðjud. Ríkisráðsf. á Þingvöllum kl. $5^{50}$ e. h. Fálkaorðan sett á laggir og nefndarm. skipaðir. Forseti drap á 1) Heimsókn til sýslumanna um land víða í strandferð með Ægir 2) Heimsókn til Englandskonungs og Norðm. konungs og Roosev. 3) Að ráðherrabústaðurinn væri tekinn í notkun. Rætt var um þetta nokkuð og einnig í samb. við væntanl. stjórnarkrise. í sept. þegar stj. hafði fram sett dýrtíðarprógr. — V. Þ. vill taka við ráðh. húsi, en um það sé formlegt skjal gjört.

12/7 Miðvikudagur. Lauk við að semja orðunefndarinnar stofnunarskjölin. Borgarstj. bauð ráðh. að Sogi Ljósafossi á morgun. Samdi uppkast að afh. bréfi til utanr. ráðh. fyrir ráðh. húsi, sem ég ætla að bera undir V. Þ. Talaði við Guðj. Lam. um ráðn. H. St. til skipul. n. Landhelgin viðv. matv. kon. Landssj. lífeyri.

13/7 Fimmtudagur. Fór í boði borgarstj. að Ljósafossi og varð aðir ráðh. þar líka. Tilefni við bót vélasamstöðu 5000 ha. Skoðun þar. Kaffidr. síðan kveldborð á Þingv. Ræðuhöld. Ég rað að segja eitthvað. Þakkaði fyrir mig og óskaði að dr. skal rafm. stj. Síðan mælti E. H. fyrir borgarstj. og bæjarstj. Förum af stað frá Rvk. kl. 1¼ e. h. frá Þingv. 9¾ e. h. hér kl. um 11. Góður dagur.

14/7 Föstudagur. Fór til Voillery þarmargt manna. Fr. Magnkonu[illegible] 500 á afgr. lýðv. merkis Ðregg. Sá Heim. Hamarheldur ygldur

15/7 Laugard. Engin tíðindi
B. Ól. – frú fóru á Þingv. í dag.
Bauð mér að koma í dag eða
morgun. Ég get ekki. Þó dav
ekki komin E.A. og hans fólk
tók Claus kl. 9 í morgun og
og fór [illegible] bíllaus. Er heima
H. Jónass kom og talaði pólitík
16/7 Fór til Þingvalla til B. Ól. frú. Fundur
þar kl. 4 með V.Þ. og forsætis og B. Ól.
um ýmislegt viðv. dýrt. prógr og stj. opt
er þing kemur saman.
17/7 Á Þingv. í rigningu og leiðinda
veðri. B. Ól. fór til Rvk. seinni part
kvöldinu. Ekkert tíðinda.
18/7 Þriðjud. Kom heim átti
fund með Alex. og Ól. Emb. Lofts
og E.A. um uty. rits um lýð-
veldisstofnun.
19/7 Miðvikud. Ekkert sérstakl.
markvert en ég talaði við Eyst.
útaf fæðingarst. Hann kvaðst
ekkert geta sagt fyrir flokks-
ins hönd en hann vildi fyrir
sitt leyti að ríkið og bærinn hefði
ekki sameiginlega aðgerðir í
málinu heldur byggði ríkið
fyrir sig hæfilega fæðingar-
stofnun og færi síðan fram
eftir þess þörfum. Hann
var hræddur um að rekstur
inn mundi alltaf síðar meir
lenda á ríkinu. Síðan spjöll-
uðum við dálítið pólitík.
Hann sagði nú væri afstaðan
breytt til dýrtíðar, því að
nú mundu flestir ekki kæra
sig um mikla lækkun
vísitölu, en hinsvegar ekki
vilja hækkun. Hann var
alveg andvígur kosningum í
haust, en trúði ekki á stjórnar-
myndun samt af þinginu.
B. Ól. vill láta E.A. bera til baka
ummæli V. Stef. í Mbl. að stj. hafi
verið veik í málinu. Þau hjá
E.A. hafi gengið fram hjá stjórnar

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

20/7 Fimmtud. Ráðh.f. m.a. að E.A. leiðr. U.St. í Mbl. Virtist E.H. ætla að gera það. Við sjáum hvað verður. Í dinner hjá general Key fyrir Forseta, V.Þ. B.Ól. og fleiri. Eg hafði frú Dreifus til borðs. Annars ófáir ísl. A.Cl. P.Egg, M. V.M. og fáir en diplom. og fjöldi herm. Key er mjög hressilegur karl. Veisla var í Camp Pershing við Árbæ. Fór kl 11$^{15}$.

21/7 Föstudagur. Mikið heima V.Þ. vill nú taka ráðherrahúsið sem utanríkisráðherrabústað svo sem ég hafði sent honum uppkast af bréfinu. Og mun ég hreinrita bréfið á morgun og hann svara. En ég sendi fjármálaráðh. afrit og afla hans samþ. til, að ég fái húsal. ljós og hita lögum samkv. Forseti hefur mjög hamrað og rekið á eftir þessu um langt skeið. Hann vill fá herb. þar.

22/7 Laugard. Afh. utanr.ráðh. ráðh.bústaðinn með bréfi dags. í gær. V.Þ. ekki í bænum í dag og ekki sá ég neinn ráðh. Fór til Keflavíkur að sjá Rudolf bróður. Hann hress og ern. Kvartaði um lúa í fótum og sinadrátt. Þáði ök.

23/7 Sunnudagur. Er heima allan daginn tala ekki við neinn. Les „Á Njálsbúð". —

24/7 Mánud. Talaði við Snæbjörn sem vill láta gera Ensk-ísl. orðabók í Oxford-ensk-amer.-ísl. fé. Hafði orðið Sisam og Norrington einnig orðið. Útför Guðm. Finnboga. V.Þ. talaði um gefa R. Beck eitthvað. Matveik lítillega.

25/7 Þriðjud. Ekki talið við neinn coll. B.Ól. á laxv. E.A. [illegible] ekki í bænum. V.Þ. kom en eg sá hann ekki. Ekkert skeð.

26/7 Miðvikud. Talaði við Fors. Hann talaði um ferðaáætlun innan

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

útlands. Drap á utanl. ferð og sagði
að V. Þ. væri hvetjandi. Þór. minnti
á útbúnað orðunnsfundar á aðum
reglugj. um fáúsa, lög um forset.
kjör. Um þetta talaði ég við E. A.
sem og um veiting borgar-dóm-
araemb., sem ég væri búinn að
slá frá mér, og borgfó. Ég
minntist og á pólitík í haust,
að ég væri ekki viss um að þing-
rof ætti að fara fram, þótt ekki
tekist að fá þingið á okkar
mál.

27/7 Fimmtud. Talaði við Rsþ. um gjöf
R. Beck og aftr. á morgun. V. Þ. um
gerisl., pólitík, þingrof, kjör hans
vantaði við kommúnt. á Alþ. sem
hann aftók. Sv. Þór. um fáís-
ann.

28/7 Föstud. Sat veizlu í ráðh.
húsinu, sem utanríkisráðh., er ég hefi
aftr. ráðh.húsið sem embættis-
bústað, hélt af hendi ríkisstjórnar
fyrir Richard Beck fulltrúa
V-Ísl. á Lýðveldishátíðinni.
Ég hélt þar ræðuna fyrir
V-Ísl. Stutta og hafði skrifaða. Rich.
Dómpróf., Jónas Jóns., Ág. H. Bjarnason
þökkuðu mér fyrir ræðuna. Þótti
hún góð. Ég held að ræðan
þar á meðal R. Beck hafi þótt
það létta. Í veizl. voru 28 manns.
Aðrir ræður: Sig. Nordal, Ág. H.
Bjarnason og R. Beck og utanr-
ríkisráðh. sem stýrði hófinu
og sleit því sagði nokkur orð
í upphafi og endi: Veizlan
var snotur og hrósaði ég því
og mann fyrir alltsaman.
Þau áttu það skilið, því að þau
eru ágætlegir vertar á bestu
vísu.

29/7 Laugard. Hef verið
heima eftir hádegi. Engan
hitt og ekkert borið til tíð-
inda en fer á morgun til Þing…

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

30/7 Sunnud. Fór til Þingvalla. Skipun Valtýs af E.A. í nefnd vegna Þjóðminjasafnsins mæltist illa fyrir af V.Þ. - B.Öl sem vonlegt er. Þykir þeim báðum E.A. ekki loyal - og B.Öl lét svo ummælt, að hann mundi hérefter ekki verða greiður í skiptum við E.A. og mun V.Þ. vera sama sinnis.

31/7 Mánud. B.Öl og frú fóru til Rvk., og er eftir á Þingv. Alex. kom til mín og skröfuðum við margt. Skipun Valt. og sagði hann að E.A. hefði beðið Valt. form. í nefndinni og var hann dálítið hissa á því. Annars hefði Blaðamannafél. haft frumkv. að Þjóðm.safn.hús. og mundi E.A. styðja skipun Valt. við það. Ég sagði þetta ekki gott stykki hjá E.A., hann væri nú þessu gefa í skyn óánægju í stjórninni. Valt. svívirt V.Þ. og sagt að E.A. hafi „unnið" stjórnina til fylgis við lýðveldismálið sem væri rangt og nú væri E.A. að launa Valt. - En við höfðum skorað á E.A. að láta leiðrétta þetta, en hann ekki gert, en í staðinn veitt Valt. vegsauka. Þetta sagði ég ekki Alex. Hann sagði Nordal - sem hélt hálfmislukkaða ræðu í samsæti fyrir R. Beck - vilja hætta við háskólann 58 ára og starfa eingöngu á eigin hönd. Alex. latti Nordal þessa. B.Öl. sagði, að Herm. hefði sagt, að nú væru viðræður um stjórnarmyndun í þann veginn að byrja.

1/8. Þriðjud. Er á Þingv. í leiðindaveðri. Pálmi Loftsson hringdi til mín og spurði hvort einhver ráðherra ætlaði ekki að vera viðstaddur á Akureyri þegar for-

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

seti færi um borð í Ægir og
tala á móti honum. Hann P.L.
hafði borið málið undir E.A.
og hann ekki talið neitt undir
þetta. P.L. talaði við V.Þ. en hann
vísaði til mín. Ég taldi ekki ástæðu
til að forsætisráðh. færi til Akur-
eyrar til þess að bjóða fors. velkom-
inn um borð í Ægir. Með þessu skifti
forseti að eins um farkost á ferða-
lagi sínu. Hitt væri sérstaklega vel
viðeigandi, að forstj. Ríkisskips væri
þar. E.A. dómsmálaráðh. æðsti maður
strandvarnanna hefði vel getað
farið og puntað upp á með nærveru
sinni, en ef ég hefði farið var það
að hlaupa fram fyrir skjöldu
í stað dómsm.ráðh. og í miðju ferða-
lagi forsetans. Það kann að hafa
verið vangá hjá mér að fara ekki
til Bessastaða og kveðja forseta
áður en hann lagði upp í för sína,
mér datt þetta í hug, og spurði

P. Eggers hvenær forseti færi en fékk
ekki ákveðið svar nema að hann
færi frá Bessast. Forseti gaf mér ekkert
vink um þetta, sem hann hefði þó
getað gert, og lagði á stað í kyrþey.

2/8 Miðvikud. Vann að samn. frv.
um kjör forseta. Ekki skemmtilegt
veður nema litlum tíma. B.Ól. fór
ekki heim í gær eða dag (í Rvk) Móðir
þeirra og Þór Pétursonar. Litlu angana vantar
og þess vegna annar bragur en í fyrra
og heldur ekki verið vinnustúlka eins
erfitt er fyrir húsmóðurina.

3/8 Fimmtud. Fór heim í dag. Helgi Jóns-
sson kom og talaði lengi um hugmyndir
sínar um aukið rúm fyrir sjúklinga.

4/8 Föstud. Fundur með ráðh. og
talað um ýmisl. B.Ól. virðist á því
að beiðast lausnar ef tillögur, sem
stj.lögum að bera fram ekki ná fram
að ganga. E.A. sagði það eðlil. Hann taldi,
að stj. ætti að beiðast lausnar í því
falli. Ég sagði: „og dingla ónáttúr og

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

geta ekki vafið þing. Hann sá þáað veger var fyrir flokkana að bjóða sig fram ev. með honum sem forsætisráðh. Ég vil ógjarna rjúfa þing án vitundar flokkanna. V. Þ. er ekki eins activ og og hygsi. Hann er ekki áfram um að fara. Niðurstaða varð engin. Þetta bíður frekari athr. B. Ól. vill losna í alvöru.

5/8 Laugard. Talaði við E. A. Hann mun vera á því að veita Árna Tryggv. borgard. emb. en er, sem von er, (bviss) hvort hann á að veita Kr. Kr. eða G. P. borgfóg. G. P. hefur talað við hann. Ég býst við Gissur Bergs. hafi talað við E. A. eða v. v. og hefur G. B. lagt gott orð inn fyrir Kr. Kr. eins og ég bað hann á sínum tíma. Annars vera heima í dag, fer til Þingv. á morgun

6/8 Sunnud. Er á Þingv. hjá B. Ól. og frú. Ég og B. Ól. förum út með vatni að skoða ... sumarbústaði. Fontenay og frú komu í heimsókn. Gott veður.

7/8. Mánud. Ég og frú Ásta, börn og gömlu konurnar = materes domini & uxoris. förum til V. Þ. og frú í heimsókn. B. Ól. fór að Selfossi og var ekki hjá V. Þ. Yndislegt veður í allan dag. Ég var í sólbaði.

8/8 Þriðjud. Kom frá Þingv. Tek á móti Forseta á morgun. Kl. 10. Talaði við E. A. og fá hann með mér til þess, talaði og við V. Þ. í síma að E. A. nærverandi og sagði V. Þ. frá þessu. Hann er á Þingv. og óvíst hann komi fyrir 10. og virtist ekki áfram um það, af því E. A. var við. B. Ól. sem ég kom með, náði og ekki í síma. Talaði við E. A. vítt og breytt um stj. myndun flokkanna. Ég veit ekki hvers ..., ég á að vera við hann um, að ég gæti trúað því að (hann) fengist til að vera forsætisráðh. í 4 fl. stjórn. Þeir (sjálfst.) munu leggja kapp á að ryðja V. Þ. burt. og fella stj. með því.

9/8 Miðvd. Tók á móti forseta á hafnarbakkanum, er hann kom

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Kl 10. úr heimsóknum sínum um Norður- og Vesturl., ásamt V. Þ. og E.-A. Talaði síðan við forseta í skrifstofu hans. Hann var ánægður með ferðina og taldi gott að hún var farin. Eg sagði honum að ekki væri stj. búin að koma sér niður á dýrtíðarmálunum, og afh. frv. nú til um forsetakjör.

10/8 Fimmtud. Talaði í síma við fors. sagði stj. væri ekki tilbúin á morgun með ákvarðanir og bað því þar til hann kæmi aftur úr „austurför" 16. þ.m. Hann er áfram um eitthvert prógr. frá stj. fyrir þingið. Það erum við allir, en hvernig það á að vera og hvar skal leggja út, er óákveð. Þingrof eða hvað?

11/8 Föstud. Fór til Akraness í bíl og talaði við sr. Þorst. Briem viðv. nefnd í prestakallamál. Kom heim aftur laust fyrir kl. 10.

12/8 Laugard. Fór með landl. og húsameistara að Hafravatni að skoða bragga og Úlfsstöðum. Síðan til Þingvalla. — Engin tíðindi.

13/8 Sunnudagur. Á Þingvöllum. Var heima við en gekk um austur og vestur fyrir Vatnskot út í Sanga. V. Þ. og frú komu um kvöldið. Við skröfuðum svolítið um næstu framtíð stj. Annars ekki markvert.

14/8 Mánud. Kom í bæinn að morgni. Fundur með M. Sig. — Kl. Ól. og stj. nema E. A. sem er á Laugarvatni. B. Ól. og V. Þ. hafa ekki framar „fiducia" til E. A. og hann ekki lengur neins staðar fyrir stj. En ekki fyrir V. Stef. og Mbl. Pétur Albertsson bað mig um stöðu til starfa, sem V. Þ. á ráð á.

15/8 Þriðjud. Móttaka V. Þ. og frúar í Ráðh. bústaðnum. Boðið um 150 manns fjöldi hermanna og diplom. o.fl. Eg kom var stutt. B. Ól. frú hans lasin á Þingv. Kom ekki. Augl. í útv. og bl. að húsið

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hefði verið afhent utanríkis
ráðh. E. A á Laugarvatni.
<u>16/8 Miðvikud.</u> Sigurj. Pétursson vill láta
Náttúrulækn.fél. yfirtaka Kumbaravog. Bisk.
talaði við mig um nefndarstörfin í prest-
akallamálum og ég símaði þ. Br. um þetta
Tók með Ó. Þ. á móti forseta úr austur-
för hans. J. J. hringdi til mín og hafði nú
frétt að hann var farinn úr orðunefnd.
Hann var æstur mjög. Kvaðst Sv. B. unna að-
förunum en sagði ræfilshátt af mér
að gera þetta. Sagði ég hefði áður gert
á hluta sinn: „Ekki dauft Helga Tóm-
assonar". Nú móðgaði sig aftur og vorum
við nú alveg skildir að skiptum
Margt sagði hann fleira. Taldi - auctor
P. Egg. & Sig. Hallb. ekki jafnast á
við sína og Ól. Th. Hann sleppti
sér lausum í samanum og
hringdi af. — Eg veit þá hvað
um er að vera þar. Nú er spurning
um hvort Ól. Th. tekur málið
svona gera má ákomnu sé þungt undir
fyrir

Einkaskjalasafn dr. juris Björns Þórðarsonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur